

Til: Fjármála- og efnahagsráðherra

Frá: Bankasýslu ríkisins

Dags.: 31. ágúst 2020

Efni: Sviðsmyndagreining Seðlabankans og fjármálafyrirtæki í eigu ríkisins

Minnisblað

■ Samantekt

Í riti Seðlabanka Íslands *Fjármálastöðugleiki 2020/1* frá 1. júlí sl. er sviðsmyndagreining á áhrifum heimsfaraldurs kórónuveirunnar á kerfislega mikilvægu bankana þrjá fyrir tímabilið frá 2020 til 2022 og þróun útlána þeirra.¹ Með þessu minnisblaði leggur Bankasýsla ríkisins sjálfstætt mat á þessa sviðsmyndagreiningu til að áætla afkomu og efnahag Íslandsbanka og Landsbankans á spátímabilinu.

Í verra fráviksdæmi (sviðsmynd 3) frá grunnsþá bankans (sviðsmynd 1) mun virðisrýrnun útlána bankanna nema samtals 207,5 ma.kr. á þessu og næsta ári, eða 7,3% af lánasafni, og eiginfjárlutfall þeirra til samans ná lágmarki í árslok 2021, eða 16,6% fyrir almennt eigið fé í þætti 1 og 18,9% fyrir samtals eigið fé. Er það þó hærra en núgildandi vegin eiginfjárfkrafa Fjármálaeftirlitsins („FME“).² Kemst stofnunin að sömu niðurstöðu um eiginfjárlutfall Íslandsbanka og Landsbankans í greiningu sinni. Í öllum þremur sviðsmyndum Seðlabankans er því spáð að bankarnir þrír til samans skili hagnaði á árinu 2022, en hann verði samt lægri en 2019, sem var versta ár þeirra frá stofnun.³ Undir betra fráviksdæmi Seðlabankans (sviðsmynd 2) áætla Bankasýsla ríkisins þó að Íslandsbanki og Landsbankinn muni ná arðsemiskröfu ríkisins árið 2022.

Greining Seðlabankans fyrir bankana þrjá í heild sinni, sem stofnunin byggir mat sitt á, er háð mikill óvissu, enda er verulegur munur á niðurstöðu fráviksdæma. Virðisrýrnun bankanna á fyrri árshelmingi 2020 virðist á ársgrundvelli svipuð og í betra fráviksdæmi Seðlabankans (sviðsmynd 2). Aftur á móti telur stofnunin ekki rétt að draga ályktanir um framtíðar afkomu og efnahag einstakra banka á þessari stundu, vegna óvissu um framtíðarþróun, þess skamma tíma sem faraldurinn hefur í raun geysað og mismunandi stöðu útlána og afkomu þeirra. Nú stefnir t.d. í að tímabundnir greiðslufrestir á lánum fyrirtækja fari að enda, en áhrifa þeirra er ekki farið að gæta í efnahags bankanna. Af þeim sökum mun Bankasýsla ríkisins uppfæra áhættumat sitt reglulegu í náinni framtíð, eins og eftir birtingu fjárhagsuppgjörs á ársfjórðungs fresti, en í sérstökum viðauka er fjallað um rekstur allra bankanna fyrir fyrri árshelming 2020 og efnahag þeirra þann 30. júní sl. Stofnunin telur að útgáfa *Peningamála 2020/3* þann 26. ágúst sl., þar sem ný hagsþá Seðlabankans birtist, gefi þó ekki sérstakt tilefni til endurmats.

¹ Þeir eru Arion banki hf. („Arion banki“), Íslandsbanki hf. („Íslandsbanki“) og Landsbankinn hf. („Landsbankinn“).

² Vegin eiginfjárfkrafa er nú 13,4% fyrir almennt eigið fé í þætti 1 og 18,1% fyrir samtals eigið fé, en er misjöfn á milli einstakra banka.

³ Hagnaður fyrir skatta í þessu minnisblaði er hagnaður af áframhaldandi starfsemi fyrir sérstakan skatt á skuldir fjármálafyrirtækja og tekjuskatt.

■ Inngangur

Í riti Seðlabanka Íslands *Fjármálastöðugleiki 2020/1* frá 1. júlí sl. er að finna sviðsmyndagreiningu á kerfislega mikilvægum bönkum, sem gerð var í ljósi þeirrar óvissu, sem ríkir um raunvirði útlánasafns þeirra vegna heimsfaraldurs kórónuveirunnar. Í sviðsmyndagreiningunni spáir Seðlabankinn fyrir um þróun hagnaðar, virðisrýrnunar og eiginfjárlutfalls bankanna á tímabilinu 2020 til 2022. Þá er einnig að finna í ritinu upplýsingar um þróun á útlánnum þessara banka til viðskiptavina.

Í árslok 2019 nam eigið fé hluthafa kerfislega mikilvægu bankanna, þ.e. Arion banka, Íslandsbanka og Landsbankans, samtals 615,0 ma.kr. Þar af nam hlutdeild ríkissjóðs 424,8 ma.kr., eða 69,1% af eigin fé hluthafa vegna eignarhlutar í Íslandsbanka og Landsbankanum.⁴ Samkvæmt ákvæðum 4. gr. laga nr. 88/2009 um Bankasýslu ríkisins ber stofnuninni að „hafa eftirlit með framkvæmd eigendastefnu ríkisins eins og hún er á hverjum tíma.“ Í nágildandi eigendastefnu ríkisins kemur m.a. fram að „hámarka [eigi] langtíma virði fyrir ríkissjóð að teknu tilliti til áhættu“ og að „gæta [eigi] langtímahagsmuna ríkissjóðs að teknu tilliti til áhættu“. Til frekari skýringar er þannig áréttað að „[meta þurfi] reglulega stöðu og áhættu ríkisins af eignarhaldi á meiri hluta íslenskra fjármála fyrirtækja, t.d. með tilliti til hættu á fjármálaáfalli“.

Í ljósi birtingu þessara sviðsmynda, hlutdeildar ríkissjóðs í eigin fé hluthafa kerfislega mikilvægra banka og ákvæða eigendastefnu ríkisins hefur Bankasýsla ríkisins ráðist í gerð á sjálfstæðu stöðumati og ritað þetta minnisblað. Í því er að finna samantekt og frekari greiningu á sviðsmyndum Seðlabanka Íslands og stöðu eiginfjár og útlána Íslandsbanka og Landsbankanum sérstaklega.⁵ Ályktanir stofnunarinnar eru einungis á grunni opinberra upplýsinga og gætu því verið háðar enn frekari óvissu en greining bankans.

Niðurstöðum sviðsmyndagreiningar Seðlabanka Íslands og frekari greiningu Bankasýslu ríkisins á henni verður að taka með miklum fyrirvörum. Í fyrsta lagi nefnir Seðlabankinn almenna óvissu. Þannig segir bankinn að „[m]jökil óvissa [ríki] um þróun efnahagsmála og þar með stöðu margra lántakenda, gæði útlána og hugsanlega virðisrýrnun“, að „óvissa ríki um raunvirði útlánasafns fjármála fyrirtækja við núverandi aðstæður“, að „[n]okkur óvissa [ríki] um þróun skulda fyrirtækja á næstu misserum“ og að „[n]iðurstöður þessarar sviðsmyndagreiningar [séu því] háðar mikilli óvissu“. Þá ítrekaði bankinn að „[þ]ar sem sem veruleg óvissa er um framvindu efnahagsmála [hafi einnig verið] lagt mat á þróun bankakerfisins undir tveimur fráviksdæmum“. Í öðru lagi birtir Seðlabankinn ekki í spá sinni fyrir 2020 til 2022 veigamikla liði eins og útlán til viðskiptavina, áhættugrunn, áhættuvægi nýrra og virðisrýrða útlána og eiginfjárgrunn, heldur einungis niðurstöðu eiginfjárlutfall almenns eigin fjár í þætti 1. Í þriðja lagi eru niðurstöður sviðsmyndagreiningarinnar einungis birtar í heild sinni fyrir kerfislega mikilvæga

⁴ Ríkissjóður heldur á öllu hlutafé í Íslandsbanka og 99,8% af útistandandi hlutafé, eða 98,2% af útgefnu hlutafé, í Landsbankanum.

⁵ Þar sem greining Seðlabanka Íslands snýr að kerfislega mikilvægum bönkum í heild sinni, en ekki að hverjum banka fyrir sig, telur Bankasýsla ríkisins nauðsynlegt að ráðast í sérstaka greiningu á stöðu Íslandsbanka og Landsbankanum, m.a. í ljósi fyrrgreindra ákvæða eigendastefnu ríkisins. Aftur á móti er ljóst að samanburðargreining við Arion banka mun alltaf þurfa að vera hluti af úttekt á stöðu Íslandsbanka og Landsbankans, þar sem þessir þrír bankar eru allir svipaðir að stærð og eru í samkeppni hver við annan á nær öllum mörkuðum, sem þeir starfa á.

banka, en ekki fyrir hvern einstakan banka. Af þeim sökum hefur Bankasýsla ríkisins þurft að að gefa sér mikilvægar forsendur, sem geta reynst rangar, við spá fyrir Íslandsbanka og Landsbankann. Er því ljóst að niðurstöður stofnunarinnar á sviðsmyndagreiningu bankans eru háðar enn meiri óvissu.

■ Kerfislega mikilvægir bankar

Inngangur

Seðlabanki Íslands birtir þrjár sviðsmyndir í ritinu *Fjármálastöðugleiki 2020/1* fyrir kerfislega mikilvægu bankana þrjá. Sviðsmyndagreiningin sýnir spá bankans fyrir helstu liði á rekstrareikningi bankanna fyrir tímabilið 2020 til 2022 og þróun á hlutfalli almenns eiginfjár í þætti 1 í lok hvers árs. Miðar upphafsstaða sviðsmyndagreiningarinnar því við efnahagsreikning bankanna á samstæðugrunni þann 31. desember sl., að teknu tilliti til frestunar fyrirhugaðra arðgreiðslna.⁶ Seðlabankinn sýnir einnig þá liði í rekstrarniðurstöðu bankanna árið 2019 sem spá bankans nær til, þ.e. hreinar vaxtatekjur, virðisrýrnun útlána, aðrar tekjur og gjöld og hagnað fyrir skatta (þ.m.t. skatt á sérstakar skuldir fjármálafyrirtækja).

Tafla 1 sýnir samandreginn rekstrarreikning bankanna þriggja fyrir árið 2019. Tafla 2 sýnir svo helstu liði á efnahagsreikningi þeirra þann 31. desember sl., sem er upphafsstaða sviðsmyndagreiningarinnar, á samstæðugrunni að teknu tilliti til frestunar fyrirhugaðra arðgreiðslna.

⁶ Þrátt fyrir að gerð hafi verið grein fyrir tillögum um arðgreiðslur á fyrirhuguðum aðalfundum, var Arion banki eini bankinn, sem hafði dregið fyrirhugaða arðgreiðslu frá eiginfjárgrunni. Aftur á móti hefur enginn bankanna þriggja greitt arð á árinu. Almennt eigið fé í þætti 1 hjá Arion banka nam 572,4 ma.kr. þann 31. desember sl., skv. ársreikningi bankans. Í sviðsmyndagreiningu Seðlabankans er það aftur á móti 586,6 ma.kr., þar sem bætt hafði verið við arðgreiðslu Arion banka, sem ekki var greidd út, en hafði verið dregin frá eigin fé af bankanum sjálfum í fyrrgreindum ársreikningi.

Tafla 1: Rekstrarreikningur kerfislega mikilvægra banka fyrir árið 2019 (fjárhæðir í ma.kr.)⁷

	<u>Hreinar vaxtatekjur</u>	<u>Virðisrýrnun útlána</u>	<u>Aðrar tekjur og gjöld</u>	<u>Hagnaður fyrir skatta</u>
Skv. sviðsmyndum Seðlabanka	103,7	(12,7)	(26,9)	64,1
Arion banki	30,3	(0,4)	(9,2)	20,8
Íslandsbanki	33,7	(3,7)	(14,2)	15,8
Landsbankinn	<u>39,7</u>	<u>(4,8)</u>	<u>(7,3)</u>	<u>27,5</u>
Skv. ársreikningum bankanna	103,7	(8,9)	(30,7)	64,1

Tafla 2: Efnahagsreikningar kerfislega mikilvægra banka 31. desember 2019 (fjárhæðir í ma.kr.)⁸

	<u>Arion banki</u>	<u>Íslands- banki</u>	<u>Lands- bankinn</u>	<u>Samtals</u>
Útlán til viðskiptavina				
Brúttó fjárhæð	782,4	909,9	1.140,4	2.832,7
Virðisrýrnunarsjóður	<u>(9,0)</u>	<u>(10,3)</u>	<u>(14,9)</u>	<u>(34,1)</u>
Samtals á afskrifuðu kostnaðarverði	773,4	899,6	1.125,5	2.798,6
Samtals á gangvirði	<u>0,5</u>	-	<u>14,7</u>	<u>15,2</u>
Samtals útlán og kröfur á viðskiptavini	774,0	899,6	1.140,2	2.813,8
Áhættugrunnur				
Vegna útlánaáhættu	610,8	789,2	908,2	2.308,2
Vegna markaðsáhættu	20,7	7,9	11,8	40,4
Vegna rekstraráhættu	83,5	85,4	100,4	269,3
Vegna annarra þátta	<u>4,8</u>	<u>2,0</u>	-	<u>6,9</u>
Áhættugrunnur	719,8	884,6	1.020,4	2.624,7
Eiginfjárgrunnur				
Eiginfjárbáttur 1: Almennt eigið fé	166,8	175,6	244,1	586,6
Eiginfjárbáttur 1: Viðbótar eigið fé	<u>0,2</u>	-	-	<u>0,2</u>
Eiginfjárbáttur 1	167,0	175,6	244,1	586,8
Eiginfjárbáttur 2	<u>20,1</u>	<u>22,7</u>	<u>19,1</u>	<u>61,8</u>
Eiginfjárgrunnur	187,1	198,3	263,2	648,6
Eiginfjárlutfall				
Eiginfjárlutfall almenns þáttar 1	23,2%	19,9%	23,9%	22,3%
Eiginfjárlutfall þáttar 1	23,2%	19,9%	23,9%	22,4%
Eiginfjárlutfall þáttar 2	<u>2,8%</u>	<u>2,6%</u>	<u>1,9%</u>	<u>2,4%</u>
Eiginfjárlutfall	26,0%	22,4%	25,8%	24,7%

⁷ Heimild: Seðlabanki Íslands, ársreikningar bankanna fyrir árið 2019, Bankasýsla ríkisins. Sýnir hagnað af áframhaldandi starfsemi.

⁸ Heimild: Ársreikningar bankanna fyrir árið 2019. Tekur tillit til frestunar arðgreiðslu Arion banka.

Tafla 1 sýnir hvort tveggja fyrrgreinda liði skv. ársreikningum bankanna og heildarniðurstöður eins og þær eru birtar í riti Seðlabankans. Eins og sjá má eru hreinar vaxtatekjur hinar sömu (103,7 ma.kr.) og hagnaður fyrir skatta (64,1 ma.kr.), en skipting hinna liðanna, þ.e. virðisrýrnun útlána og aðrar tekjur og gjöld, er þó ekki hin sama.⁹

Sviðsmyndagreiningin styðst við mikilvægar forsendur. Við útreikning á áhættugrunni í lok hvers árs á spátímabilinu tók Seðlabankinn tillit til áhrifa viðbótarlána, sem í daglegu tali eru einnig nefnd brúarlán, sbr. ákvæði 4. gr. fjárukalaga fyrir árið 2020, og stuðningslána, sbr. ákvæði laga nr. 38/2020 um fjárstuðning til minni rekstraraðila vegna heimsfaraldurs kórónuveiru, en ríkissjóður mun ábyrgjast allt að 70% af fjárhæð viðbótarlána og allt að 100% af fjárhæð stuðningslána (og mun sá hluti því ekki hafa nein áhrif á áhættugrunn) með ákveðnum takmörkunum.^{10,11} Þá gerir sviðsmyndagreiningin ráð fyrir því að engin arður verði greiddur á spátímabilinu. Aftur á móti var ekki tekið tillit til sértækra aðgerða í formi greiðsluhlés og frystingar af hálfu kerfislega mikilvægu bankanna, sem ráðist hefur verið í á grundvelli samkomulags frá 22. mars sl., þar sem of mikil óvissa ríkti um endanlegt umfang slíkra aðgerða.¹²

Sviðsmyndirnar eru reistar á forsendum í grunnhagspá Seðlabankans (sviðsmynd 1), betra fráviksdæmi (sviðsmynd 2) og verra fráviksdæmi (sviðsmynd 3), sem birt var í ritinu *Peningamál 2020/2* frá 20. maí sl. Helstu forsendur sviðsmynda í greiningu bankans er að finna í töflu 3.

⁹ Eins og fram kemur síðar í minnisblaðinu kemur þetta ekki að sök við útreikning á hlutdeild einstakra banka í heildarspá Seðlabankans á hreinum vaxtatekjum, virðisrýrnun útlána, öðrum tekjum og gjöldum og hagnaði fyrir skatta á spátímabilinu, þ.e. 2020 til 2022.

¹⁰ Með 4. gr. fjárukalaga fyrir árið 2020, sem samþykkt voru á Alþingi 30. mars sl., var lið (7.32.) bætt við 6. gr. fjárlaga fyrir árið 2020, sem veitti fjármála- og efnahagsráðherra heimild til að „veita lánastofnunum ábyrgð ríkissjóðs sem nemi 50–70% höfuðstóls viðbótarlána þeirra til fyrirtækja sem orðið hafa fyrir verulegu tekjutapi vegna heimsfaraldurs kórónuveiru“. Kemur þar fram að heildarábyrgð ríkissjóðs vegna viðbótarlána geti numið á bilinu 35 til 50 ma.kr.

¹¹ Í III. kafla laga nr. 38/2020, sem samþykkt voru á Alþingi 13. maí sl., er fjallað um ábyrgð ríkissjóðs á stuðningslánnum til rekstraraðila, sem uppfylla ákveðin skilyrði. Skv. ákvæðum 11. gr. laganna geta stuðningslán numið að hámarki 40 m.kr. til hvers rekstraraðila og ábyrgist ríkissjóður að fullu 10 m.kr. en 85% af fjárhæð umfram 10 m.kr. Í greinargerð með lagafrumvarpinu kom fram að ríkisábyrgð gæti numið 28 ma.kr. Aftur á móti breyttist frumvarpið í meðferð Alþingis og heimildir til ríkisábyrgðar víkkaðar, bæði varðandi fjölda rekstraraðila og fjárhæð stuðningslána. Kom þannig fram í minnisblaði fjármála- og efnahagsráðuneytisins til efnahags- og viðskiptanefndar dags. 6. maí sl. að með víðtækari ríkisábyrgð, sem síðan varð niðurstaðan í endanlegum lögum, gæti ríkisábyrgð numið allt að 40 ma.kr. Í minnisblaðinu kemur fram að mat ráðuneytisins sé þó háð mikilli óvissu. Sjá <https://www.althingi.is/alttext/erindi/150/150-1995.pdf>.

¹² Þá má einnig gera ráð fyrir því að mögulegar hagræðingaraðgerðir af hálfu bankanna sjálfra hafi ekki endurspeglast í sviðsmyndum Seðlabankans.

Tafla 3: Forsendur sviðsmynda varðandi þróun á vergri landsframleiðslu á spátímabilinu¹³

	<u>2019</u>	<u>2020</u>	<u>2021</u>	<u>2022</u>
Hagvöxtur á árinu				
Sviðsmynd 1: Grunnspá	1,9%	-8,0%	4,8%	2,8%
Sviðsmynd 2: Betra fráviksdæmi	1,9%	-5,6%	5,6%	2,0%
Sviðsmynd 3: Verra fráviksdæmi	1,9%	-10,4%	3,7%	4,5%
Vísitala vergrar landsframleiðslu í árslok				
Sviðsmynd 1: Grunnspá	100,0	92,0	96,4	99,1
Sviðsmynd 2: Betra fráviksdæmi	100,0	94,4	99,7	101,7
Sviðsmynd 3: Verra fráviksdæmi	100,0	89,6	92,9	97,1

Sviðsmynd 1 gerir ráð fyrir 8,0% samdrætti á þessu ári, 4,8% vexti á næsta ári og 2,8% vexti á því þarnaæsta. Verður því samtals 0,9% samdráttur í vergri landsframleiðslu (VLF) á spátímabilinu, þ.e. frá 2020 til 2022. Samkvæmt sviðsmynd 1 verður á spátímabilinu, þ.e. frá 2020 til 2022, samtals útlánatap kerfislega mikilvægu bankanna 155,3 ma.kr., uppsafnað tap þeirra fyrir skatta (þ.m.t. fyrir sérstakan skatt á fjármálafyrirtæki) 14,6 ma.kr. og lækkun á eiginfjárlutfalli almenns þáttar 1 um 2,5% stig. Niðurstöður sviðsmyndar 2, sem er betra fráviksdæmið, eru aftur á móti betri, enda gerir sú sviðsmynd ráð fyrir 5,6% samdrætti í VLF á þessu ári, 5,6% vexti í VLF á næsta ári og svo 2,0% vexti á því þar næsta. Niðurstöður sviðsmyndar 3, sem er verra fráviksdæmið, eru eðlilegra mun verri, en hún miðar við 10,4% samdrátt í VLF á þessu ári, 3,7% vöxt á næsta ári og 4,5% vöxt á því þarnaæsta.

Þar sem allar sviðsmyndirnar gera ráð fyrir hagvexti og hagnaði árið 2022 er ljóst að árið 2021 gæti orðið það ár, sem verður bönkunum hvað þungbærast í skauti. Í ritinu *Fjármálastöðugleiki 2020/1* er aftur á móti tekið fram að þjóðhagsspá bankans, sem notuð er sem grunnur í sviðsmyndagreiningunni, taki tillit til aðgerða stjórnvalda til að bregðast við efnahagsáhrifum heimsfaraldursins, en ekki aðgerða bankanna sjálfra. Segir í ritinu því „að [aðgerðir bankanna] muni hafa verulega jákvæð áhrif og því líklegt að raunveruleg niðurstaða verði jákvæðari en sviðsmyndagreiningin [gefi] til kynna“. Aftur á móti leggur Seðlabanki Íslands áherslu á að niðurstöður sviðsmyndagreiningarinnar séu þó háðar „mikilli óvissu“.

Mikilvægasta niðurstaða sviðsmyndagreiningarinnar er eiginfjárlutfall bankanna í lok hvers árs, og þá sérstaklega í lok 2021, þegar Seðlabankinn spáir því að það nái lágmarki. Er nauðsynlegt að bera það saman í fyrsta lagi við lágmarks eiginfjárkröfur FME til að ganga úr skugga um hvort að bankarnir þurfi að afla viðbótar hlutafjár og í öðru lagi við eiginfjármarkmið bankanna sjálfra til að athuga hvort að lækkun eiginfjárlutfalls muni leiða til endurskoðunar á eiginfjármarkmiðum bankanna eða á útlánastefnu þeirra. Tafla 4 sýnir eiginfjárlutfall bankanna, lágmarks eiginfjárkröfu FME og eiginfjármarkmið þeirra þann 30. júní sl.

¹³ Heimild: Seðlabanki Íslands (*Fjármálastöðugleiki 2020/1*). Í riti Seðlabankans Peningamál 2020/3 frá 26. ágúst sl., þar sem uppfærð hagspá bankans birtist, er spáð 7,1% samdrætti í ár, en 3,4% hagvexti bæði á næsta ári og þar næsta ári. Miðað við þá spá verða gildi vísitölu vergrar landsframleiðslu 92,9, 96,1 og 99,3 í árslok 2020, 2021 og 2022.

Tafla 4: Eigið fé kerfislegra mikilvægra banka 30. júní 2020¹⁴

	<u>Arion banki</u>	<u>Íslands- banki</u>	<u>Lands- bankinn</u>	<u>Samtals</u>
Raun eiginfjárlutfall				
Eiginfjárlutfall almenns þáttar 1	22,5%	19,4%	22,8%	21,6%
Eiginfjárlutfall þáttar 1	24,6%	19,4%	22,8%	22,1%
Eiginfjárlutfall þáttar 2	<u>3,0%</u>	<u>2,8%</u>	<u>2,0%</u>	<u>2,5%</u>
Eiginfjárlutfall	27,5%	22,2%	24,9%	24,7%
Lágmarks eiginfjármarkmið				
Eiginfjárlutfall almenns þáttar 1	17,0%	13,2%	18,0%	16,1%
Eiginfjárlutfall	21,9%	17,5%	23,0%	20,8%
<i>Stjórnendaauki</i>				
Lægri mörk	1,0%	0,5%	1,5%	1,0%
Efri mörk	2,0%	2,0%	2,5%	2,2%
Lágmarks eiginfjárfkrafa FME				
<i>Samkvæmt flokki eiginfjárkröfu</i>				
Grunnkrafa (Stoð 1)	8,0%	8,0%	8,0%	8,0%
Viðbótarkrafa (Stoð 2) ¹⁵	3,1%	1,7%	3,4%	2,7%
Eiginfjárauvar	<u>7,3%</u>	<u>7,4%</u>	<u>7,4%</u>	<u>7,3%</u>
Samtals eigið fé	18,4%	17,1%	18,8%	18,1%
<i>Samkvæmt flokki eiginfjárþáttar</i>				
Almennt eigið fé í þætti 1	13,5%	12,8%	13,8%	13,4%
Viðbótar eigið fé í þætti 1	2,1%	1,8%	2,1%	2,0%
Eigið fé í þætti 2	<u>2,8%</u>	<u>2,4%</u>	<u>2,9%</u>	<u>2,7%</u>
Samtals eigið fé	18,4%	17,1%	18,8%	18,1%

Í næstu þremur hlutum er svo að finna umfjöllun um allar þrjár sviðsmyndir Seðlabankans. Snýr umfjöllunin að niðurstöðum sviðsmyndagreiningar bankans fyrir kerfislega mikilvægu bankana í heild sinni, en ekki að einstökum bönkum.

¹⁴ Heimild: Seðlabanki Íslands (*Fjármálastöðugleiki 2020/1*), árshlutareikningar Arion banka, Íslandsbanka og Landsbankans fyrir fyrstu þrjá mánuði ársins 2020, Bankasýsla ríkisins

¹⁵ Þann 2. október sl. birti FME niðurstöðu könnunar- og matsferlis hjá Íslandsbanka og Landsbankanum. Í gagnsæistilkynningu varðandi Íslandsbanka kom fram að viðbótarkrafan (1,7%) kæmi til „vegna útlána-, mótaðila- og samþjöppunaráhættu og markaðs- og fastvaxtaáhættu, auk áhættu vegna dótturfélaga, sem ekki var nægjanlega tekið tillit til við útreikning á grunnkröfu um eiginfjárgrunn“. Í tilkynningunni um Landsbankann kom fram að viðbótarkrafan (3,4%) kæmi til „vegna útlána-, mótaðila- og samþjöppunaráhættu og markaðs- og fastvaxtaáhættu auk annarrar áhættu sem ekki var nægjanlega tekið tillit til við útreikning á grunnkröfu um eiginfjárgrunn“.

Sviðsmynd 1: Grunnspá

Sviðsmynd 1 í greiningu Seðlabankans er reist á grunnspá bankans eins og hún birtist í *Peningamálum 2020/2*. Tafla 5 sýnir upplýsingar um þróun á þjóðhagsstærðum í forsendum sviðsmyndarinnar ásamt helstu niðurstöðum í afkomu bankanna á árunum 2020 til 2022 ásamt áætlaðri eiginfjárstöðu í lok hvers árs á spátímabilinu.

Í ritinu *Fjármálastöðugleiki 2020/1* birti Seðlabankinn fyrir hverja sviðsmynd allar þjóðhagsstærðir, hreinar vaxtatekjur, virðisbreytingu útlána, aðrar tekjur og gjöld, hlutfall almenns eigin fjár þætti 1 og skýringar á fráviki þess hlutfalls í lok hvers árs á spátímabilinu, frá upphafsstöðu í árslok 2019. Frávik frá upphafsstöðu er reiknað út frá framlagi breytinga á almennu eigin fé annars vegar og framlagi breytinga á áhættugrunni hins vegar.

Seðlabankinn birtir þannig ekki áætlaðan hagnað fyrir skatta á hverju ári annars vegar og almennt eigið fé í þætti 1 og áhættugrunn í lok hvers árs á spátímabilinu hins vegar, en þessar fjárhæðir eru nauðsynlegar til frekari greiningar. Í töflunum hér á eftir reiknar því Bankasýsla ríkisins framlag eiginfjár sem hlutfallið á milli (a) breytinga á almennu eigin fé í þætti 1 á milli samliggjandi ára og (b) áhættugrunns í lok fyrra ársins. Með því fæst áætluð fjárhæð almenns eigin fjár í þætti 1 fyrir seinna árið í samanburðinum. Þar sem Seðlabankinn tekur fram að ekki sé gert ráð fyrir arðgreiðslum (eða kaupum á eigin bréfum) á spátímabilinu ætti breytingin að fjárhæð að samsvara áætluðum hagnaði eftir skatta og áætlaðir skattar því mismuninum á þeirri fjárhæð og þeirri fjárhæð, sem Seðlabankinn birtir í sviðsmyndum sínum um hagnað fyrir skatta hvers árs. Framlag áhættugrunns til breytingar á hlutfalli almenns eigin fjár í þætti 1 er svo reiknað sem munurinn á (a) hlutfalli almenns eigin fjár í þætti 1 á milli tveggja samliggjandi ára og (b) framlagi eigin fjár, sem skilgreint var hér á undan. Almennt eigið fé í þætti 1 og áhættugrunnur í lok hvers árs á spátímabilinu er reiknað annars vegar út frá almennu eigin fé í þætti 1 og áhættugrunni í árslok 2019 og hins vegar út frá framlagi eiginfjár og áhættugrunns hér á undan. Þess má geta að sú samanburðarfjárhæð um hagnað eftir skatta fyrir árið 2019, sem finna má í töflum 5, 6 og 7, sýnir hagnað af áframhaldandi starfsemi.

Í umfjöllun sinni um sviðsmyndina segir Seðlabankinn að “[h]reinar vaxtatekjur [dragist] saman fyrstu tvö árin vegna minni verðbólgu, lægri vaxta og vangoldinna vaxtagreiðslna“, en „[hækki] á þriðja ári m.a vegna meiri umsvifa í hagkerfinu.“ Þá segir einnig að taprekstur verði einnig á fyrstu tveimur árunum, þ.e. 2020 og 2021, „einkum vegna virðisrýrnunar útlána sem samanlagt [nemi] rúmlega 4,7% af útlánasafni [kerfislega mikilvægra banka] yfir fyrstu tvö árin“. Þá segir að áhættugrunnur „[hækki] einnig um 4% á tveimur fyrstu árunum, einkum vegna útlánavaxtar [...] [á] fyrsta árinu [sé] gert ráð fyrir að mest útlánaaukning verði vegna brúar- og stuðningslána en jafnframt að gengis- og verðlagsbreytingar hafi áhrif [...] [og] [vegna] ríkisábyrgðar [hækki] áhættugrunnur þó minna en ella [en seinni] árin [ýti] meiri eftirspurn undir útlánavöxt“.

Tafla 5: Helstu forsendur og niðurstöður sviðsmyndar 1 fyrir kerfislega mikilvæga banka (fjárhæðir í ma.kr.)¹⁶

	<u>2019</u>	<u>2020</u>	<u>2021</u>	<u>2022</u>
Þjóðhagsstærðir				
Hagvöxtur á árinu	1,9%	-8,0%	4,8%	2,8%
Atvinnuleysi á árinu	3,6%	8,7%	7,2%	6,3%
Verðbólga á árinu	3,0%	2,3%	1,7%	1,6%
Breyting á meðalgengi á árinu	-8,6%	-11,2%	-2,6%	0,8%
Vísitala meðalgengis árslok	181,0	203,9	209,4	207,8
Afkoma ársins				
Hreinar vaxtatekjur	103,7	88,8	86,0	92,7
Virðisbreyting útlána	(8,9)	(51,9)	(85,2)	(18,2)
Aðrar tekjur og gjöld	<u>(30,7)</u>	<u>(47,2)</u>	<u>(42,7)</u>	<u>(36,9)</u>
Hagnaður fyrir skatta	64,1	(10,3)	(41,9)	37,6
Áætlaðir skattar	<u>(23,2)</u>	<u>(4,1)</u>	<u>(3,0)</u>	<u>(15,0)</u>
Áætlaður hagnaður	40,9	(14,4)	(44,9)	22,6
Áætluð eiginfjárstaða í árslok				
Almennt eigið fé í þætti 1	586,6	572,1	527,3	549,8
Áhættugrunnur	<u>2.624,7</u>	<u>2.714,4</u>	<u>2.744,9</u>	<u>2.770,2</u>
Hlutfall	22,3%	21,1%	19,2%	19,8%
<i>Frávik frá upphafsstöðu:</i>	-	-1,3%	-3,1%	-2,5%
Framlag eiginfjár	-	-0,6%	-2,3%	-1,4%
Framlag áhættugrunns ^{17, 18}	-	-0,7%	-0,9%	-1,1%

Tafla 5 sýnir að áætlað tap verði á rekstri bankanna þriggja fyrir skatta árið 2020 (10,3 ma.kr.) og árið 2021 (41,9 ma.kr.), en hagnaður árið 2022 (37,6 ma.kr.). Er augljóst að áætlað tap mun verða vegna mikillar virðisrýrnunar útlána á árunum 2020 og 2021. Miðað við áðurnefndar forsendur má því ætla að tap eftir skatta verði 14,4 ma.kr. á þessu ári, 44,9 ma.kr. á næsta ári en hagnaður eftir skatta verði 22,6 ma.kr. á árinu 2022. Seðlabankinn spáir því að í árslok 2021 muni hlutfall almenns eiginfjár í þætti 1 ná lágmarki og verða 19,2%. Er það samt sem áður mun hærra en núgildandi lágmarks eiginfjárkrufa FME um 13,4% hlutfall. Skýringuna á 3,1% stiga lækkun hlutfallsins frá árslokum 2019 til ársloka 2021 má skýra bæði af lækkun eiginfjár, sem skýrir 2,3% stig af lækkuninni, og hækkan áhættugrunns, sem skýrir 0,9% af lækkuninni.

¹⁶ Heimild: Seðlabanki Íslands (*Fjármálastöðugleiki 2020/1*). Skattar og hagnaður hvers árs og almennt eigið fé í þætti 1 og áhættugrunnur í lok hvers árs á spátímabilinu áætluð af Bankasýslu ríkisins.

¹⁷ Framlag áhættugrunns er reiknað sem munurinn á (a) hlutfalli almenns eigin fjár í þætti 1 á milli tveggja samliggjandi ára og (b) framlagi eigin fjár.

¹⁸ Almennt eigið fé og áhættugrunnur í lok hvers árs á spátímabilinu er reiknað annars vegar út frá almennu eigin fé í þætti 1 og áhættugrunni í árslok 2019 og hins vegar út frá framlagi eiginfjár og áhættugrunns hér á undan.

Sviðsmynd 2: Betra frávíkisdæmi

Í greiningu Seðlabankans er sviðsmynd 2 betra frávíkisdæmi frá grunnspá bankans. Tafla 6 sýnir upplýsingar um þróun á þjóðhagsstærðum í forsendum sviðsmyndarinnar ásamt helstu niðurstöðum í afkomu bankanna á árunum 2020 til 2022 ásamt áætlaðri eiginfjárstöðu í lok hvers árs á spátímabilinu.

Í umfjöllun um sviðsmynd 2 segir í ritinu að „[þrátt] fyrir töluverða virðisrýrnun, um 100 ma.kr. eða samanlagt 3,3% af lánasafni bankanna yfir fyrstu tvö árin, helst afkoma fyrir skatta nálægt núlli“. Því til viðbótar er tekið fram að „[á] tveimur fyrstu árum sviðsmyndarinnar [lækki] eiginfjárgrunnur bankanna því talsvert minna en í sviðsmynd 1 [en að áhættugrunnur] þeirra [vaxi] þó áfram vegna meiri umsvifa og útlánavaxtar svo að eiginfjárlutfall almenns þáttar 1 lækkar.“

Tafla 6: Helstu forsendur og niðurstöður sviðsmyndar 2 fyrir kerfislega mikilvæga banka (fjárhæðir í ma.kr.)¹⁹

	<u>2019</u>	<u>2020</u>	<u>2021</u>	<u>2022</u>
Þjóðhagsstærðir				
Hagvöxtur á árinu	1,9%	-5,6%	5,6%	2,0%
Atvinnuleysi á árinu	3,6%	7,4%	6,1%	6,4%
Verðbólga á árinu	3,0%	2,4%	2,1%	2,6%
Afkoma ársins				
Hreinar vaxtatekjur	103,7	92,7	99,7	110,7
Virðisbreyting útlána	(8,9)	(42,2)	(55,0)	(11,2)
Aðrar tekjur og gjöld	<u>(30,7)</u>	<u>(47,9)</u>	<u>(46,8)</u>	<u>(41,0)</u>
Hagnaður fyrir skatta	64,1	2,6	(2,1)	58,5
Áætlaðir skattar	<u>(23,2)</u>	<u>(5,2)</u>	<u>(5,8)</u>	<u>(21,8)</u>
Áætlaður hagnaður	40,9	(2,6)	(7,9)	36,7
Áætluð eiginfjárstaða í árslok²⁰				
Almennt eigið fé í þætti 1	586,6	584,0	576,1	612,8
Áhættugrunnur	<u>2.624,7</u>	<u>2.697,4</u>	<u>2.763,2</u>	<u>2.792,1</u>
Hlutfall	22,3%	21,6%	20,8% ²¹	21,9%
Frávik frá upphafsstöðu:	-	-0,7%	-1,5%	-0,4%
Framlag eiginfjár	-	-0,1%	-0,4%	1,0%
Framlag áhættugrunns	-	-0,6%	-1,1%	-1,4%

Tafla 6 sýnir að á þessu ári verði 2,6 ma.kr. hagnaður fyrir skatta, en á næsta ári verði aftur á móti 2,1 ma.kr. tap. Þó má gera ráð fyrir áætluðu tapi eftir skatta bæði árin m.v. áður tilgreindar forsendur, þ.e. 2,6 ma.kr. árið 2020 og 7,9 ma.kr. árið 2021. Eftir sem áður stefnir hlutfall almenns eigin fjár í að ná lágmarki í árslok 2021, eða 20,8%. Er það langt umfram eiginfjárkröfu FME þar að lútandi um 13,4%

¹⁹ Heimild: Seðlabanki Íslands (Fjármálastöðugleiki 2020/1).). Skattar og hagnaður hvers árs og almennt eigið fé í þætti 1 og áhættugrunnur í lok hvers árs á spátímabilinu áætluð af Bankasýslu ríkisins.

²⁰ Heimild: Seðlabanki Íslands (Fjármálastöðugleiki 2020/1): Mynd III-5.

²¹ Í umfjöllun um sviðsmynd 2 segir í ritinu „...svo að eiginfjárlutfall almenns þáttar 1 lækkar um 1,5 prósentur frá upphafi til laggildis síns sem er 20,[9]% á öðru ári sviðsmyndar“.

hlutfall. Af samtals 1,5% stiga lækkun hlutfallsins á þessu tímabili skýrast 0,4% stig af lækkun eiginfjárgrunns en 1,1% af hækkun áhættugrunns. Má segja, að ef litið er til framlags eigin fjár annars vegar og framlag áhættugrunns hins vegar, að hækkun áhættugrunns sé megin orsakavaldur lækkunar þess. Athyglisvert er að Seðlabankinn spáir því undir sviðsmynd 2 að hreinar vaxtatekjur verði hærrí á árinu 2022 (110,7 ma.kr.) en á árinu 2019 (103,7 ma.kr.) og einnig að virðisrýrnun lækki á milli ára.²²

Sviðsmynd 3: Verra fráviksdæmi

Sviðsmynd 3 er verra fráviksdæmið frá grunnspá Seðlabankans. Tafla 7 sýnir upplýsingar um þróun á þjóðhagsstærðum í forsendum sviðsmyndarinnar ásamt helstu niðurstöðum í afkomu bankanna á árunum 2020 til 2022 ásamt hlutfalli eigin fjár í lok hvers árs á spátímabilinu.

Tafla 7: Helstu forsendur og niðurstöður sviðsmyndar 3 fyrir kerfislega mikilvæga banka (fjárhæðir í ma.kr.)²³

	<u>2019</u>	<u>2020</u>	<u>2021</u>	<u>2022</u>
Þjóðhagsstærðir				
Hagvöxtur á árinu	1,9%	-10,4%	3,7%	4,5%
Atvinnuleysi á árinu	3,6%	10,0%	8,8%	7,1%
Verðbólga á árinu	3,0%	2,2%	1,2%	0,5%
Afkoma ársins				
Hreinar vaxtatekjur	103,7	85,8	75,3	79,5
Virðisbreyting útlána	(8,9)	(70,9)	(136,6)	(31,0)
Aðrar tekjur og gjöld	<u>(30,7)</u>	<u>(46,7)</u>	<u>(38,1)</u>	<u>(32,8)</u>
Hagnaður fyrir skatta	64,1	(31,8)	(99,4)	15,7
Áætlaðir skattar	<u>(23,2)</u>	<u>(4,9)</u>	<u>(0,3)</u>	<u>(9,9)</u>
Áætlaður hagnaður	40,9	(36,7)	(99,7)	5,8
Áætluð eiginfjárstaða í árslok				
Almennt eigið fé í þætti 1	586,6	549,8	450,1	455,9
Áhættugrunnur	<u>2.624,7</u>	<u>2.702,1</u>	<u>2.703,5</u>	<u>2.697,7</u>
Hlutfall	22,3%	20,3%	16,6%	16,9%
<i>Frávik frá upphafsstöðu:</i>	-	-2,0%	-5,7%	-5,5%
Framlag eiginfjár	-	-1,4%	-5,2%	-5,0%
Framlag áhættugrunns	-	-0,6%	-0,5%	-0,5%

Í umfjöllun sinni um sviðsmyndina segir Seðlabankinn að „[s]amdráttur hreinna vaxtatekna [verði] talsvert meiri en í hinum sviðsmyndunum [og] [v]irðisrýrnun reynist einnig töluvert meiri“. Um áhrif sviðsmyndarinnar á eigið fé og áhættugrunn bankanna segir bankinn: „Eiginfjárgrunnur bankanna lækkar töluvert meira en í sviðsmyndum 1 og 2. Áhættugrunnur bankanna vex hins vegar lítið þar sem

²² Samkvæmt skilgreiningu Seðlabankans nam virðisrýrnun útlána bankanna samtals 12,7 ma.kr. árið 2019, en samkvæmt skilgreiningu Bankasýslu ríkisins nam virðisrýrnunin 8,9 ma.kr. m.v. niðurstöður ársreikninga þeirra.

²³ Heimild: Seðlabanki Íslands (Fjármálastöðugleiki 2020/1).). Skattar og hagnaður hvers árs og almennt eigið fé í þætti 1 og áhættugrunnur í lok hvers árs á spátímabilinu áætluð af Bankasýslu ríkisins.

eftirspurn eftir lánsfé verður mjög takmörkuð í svo hörðu áfalli og útlánvöxtur því nær enginn. Eiginfjárlutfall almenns þáttar 1 lækkar um 5,7 prósentur frá upphafi til lággildis síns á öðru ári sem er 16,6% fyrir bankana þrjá í heild. Bankarnir uppfylla þó kröfur um eigið fé almenns þáttar 1. Að teknu tilliti til viðbótareiginfjárbáttar 1 og eiginfjárbáttar 2 gæti samtals eiginfjárlutfall bankanna lækkað í 18,9% sem er þó yfir heildarkröfu sem liggur á bilinu 17,05-18,75%.”

Eins og tafla 7 sýnir, spáir Seðlabankinn því að tap fyrir skatta verði á rekstri kerfislega mikilvægu bankanna bæði árið 2020 og 2021 og að uppsafnað tap þeirra fyrir skattaverði 131,2 ma.kr. á því tímabili, en að hagnaður fyrir skatta verði jákvæður árið 2022, eða 15,7 ma.kr. Aðal ástæða fyrir taprekstri er mikil virðisrýrnun útlána, sem Seðlabankinn spáir að muni samtals nema 207,5 ma.kr. á árunum 2020 og 2021. Til samanburðar nam almennt eigið fé bankanna samtals 586,6 ma.kr. í árslok 2019. Ef tekið er tillit til áætlaðra skatta mun tap eftir skatta nema 36,7 ma.kr. á þessu ári og 99,7 ma.kr. á næsta ári. Eins og áður sagði er því spáð að hlutfall almenns eigin fjár í þætti 1 muni verða lægst í árslok 2021, eða 16,6% fyrir alla bankanna, í samanburði við 22,3% í árslok 2019. Til samanburðar spáir Seðlabankinn því í grunnspá sinni að hlutfallið muni einungis lækka niður í 19,2% undir sviðsmynd 1. Þrátt fyrir mikla virðisrýrnun útlána mun hlutfall almenns eiginfjár í þætti 1 (16,6%) verða samt hærra en sem nemur lágmarkskröfu FME (13,4%). Skýrist þessi mikla lækkun á þessu hlutfalli aðallega af lækkun almenns eigin fjár í þætti 1, þ.e. 5,2% stig af samtals 5,7% stiga lækkun.

Samantekt

Eins og ljóst er af umfjölluninni hér á undan mun efnahagslegur styrkur bankanna, eins og hann er mældur skv. hlutfalli almenns eigin fjár í þætti 1, verða veikastur í árslok 2021 samkvæmt öllum sviðsmyndum. Er það vegna þess að uppsöfnuð virðisrýrnun útlána og tap fyrir skatta mun þá ná hámarki og einnig vegna þess að í öllum sviðsmyndum er spáð hagnaði fyrir skatta árið 2022.

Tafla 8 sýnir samandregna niðurstöðu sviðsmynda Seðlabankans. Sýnir hún stöðu kerfislega mikilvægu bankanna í heild sinni í árslok 2021, uppsafnaða virðisrýrnun þeirra og uppsafnað tap fyrir skatta á árunum 2020 og 2021.

Tafla 8: Þróun og staða fjárhagsstærða kerfislega mikilvægra banka í árslok 2021 samkvæmt mismunandi sviðsmyndum (fjárhæðir í ma.kr.)²⁴

	<u>Sviðsmynd 1</u>	<u>Sviðsmynd 2</u>	<u>Sviðsmynd 3</u>
Vísitala vergrar landsframleiðslu	96,4	99,7	92,9
Uppsöfnuð virðisrýrnun útlána			
Fjárhæð	137,1	97,2	207,5
Hlutfall af útlánum í árslok 2019	4,7%	3,3%	7,3%
Uppsafnað tap fyrir skatta	52,2	(0,5)	131,2
Hlutfall almenns eigin fjár í þætti 1	19,2%	20,8%	16,6%


Samkvæmt sviðsmynd 1 mun VLF dragast saman um 3,6% á árunum 2020 til 2021, um 0,3% samkvæmt sviðsmynd 2 og 7,1% samkvæmt sviðsmynd 3. Á þessu tveggja ára tímabili mun virðisrýrnun bankanna

²⁴ Heimild: Seðlabanki Íslands (*Fjármálastöðugleiki 2020/1*).

nema samtals 137,1 ma.kr. undir sviðsmynd 1, alls 97,2 ma.kr. undir sviðsmynd 2 og samtals 207,5 ma.kr. undir sviðsmynd 3. Nemur þessi virðisrýrnun, sem hlutfall af útlánum í árslok 2019, þ.e. í upphafi spátímabilsins, 4,7% undir sviðsmynd 1, samtals 3,3% undir sviðsmynd 2 og samtals 7,3% undir sviðsmynd 3. Í árslok 2021 er því svo spáð að hlutfall almenns eiginfjár í þætti 1 verði 19,2% undir sviðsmynd 1, 20,8% undir sviðsmynd 2 og 16,6% undir sviðsmynd 3.

Mynd 1 sýnir raun eiginfjárhlutfall bankanna þann 31. desember sl., lágmarks eiginfjárkröfu FME og áætlað eiginfjárhlutfall þann 31. desembers 2021 skv. sviðsmynd 3, þ.e. verstu sviðsmynd Seðlabankans, en eins og áður hefur komið fram birti Seðlabankinn ekki niðurstöður sviðsmyndagreiningar fyrir einstaka banka. Sýnir myndin bæði hlutfall almenns eigin fjár í þætti 1 og samtals eiginfjárhlutfall.

Mynd 1: Eiginfjárhlutfall og eiginfjárfra kerfislega mikilvægra banka²⁵



Eins og sést á myndinni nam hlutfall almenns eigin fjár í þætti 1 alls 22,3% í árslok 2019. Samkvæmt spá Seðlabankans má ætla að þetta hlutfall fari niður í 16,6% í árslok 2021, ef versta sviðsmyndin, þ.e. sviðsmynd 3, raungerist. Það er aftur á móti hærra heldur en vegin nógildandi krafa FME um 13,4% lágmarks hlutfall almenns eigin fjár í þætti 1. Munar því 3,2% stigum á milli nógildandi eiginfjárkröfu og áætlaðs hlutfalls í árslok 2021 undir sviðsmyndinni fyrir bankana í heild sinni.

Einnig sést á mynd 1 að samtals eiginfjárhlutfall bankanna var 24,7% í árslok 2019, að nógildandi eiginfjárfra til samtals eigin fjár sé 18,9% og að áætlað eiginfjárhlutfall í árslok 2021 verði 18,1%undir

²⁵ Heimild: Seðlabanki Íslands (*Fjármálastöðugleiki 2020/1*).

sviðsmynd 3. Má því sjá að ef litið er til samtals eigin fjár verður hlutfallið einungis 0,8% hærra, þ.e. 18,9%, heldur en nógildandi eiginfjárfrafa FME segir til um, þ.e. 18,1%. Samkvæmt spá Seðlabankans yrði því hlutfall almenns eigin fjár í þætti 1 þannig 3,2% stigum hærra í árslok 2021 en eiginfjárfrafa FME, en einungis 0,1% hærra ef litið er til samtals eigin fjár. Skýrist þessi munur á því að hátt hlutfall eigin fjár í kerfislega mikilvægu bönkunum er nú fjármagnað með almennu eigin fé í þætti 1.

Sviðsmyndagreining: Íslandsbanki og Landsbankinn

Inngangur

Í ljósi eftirlitshlutverks Seðlabankans snýr sviðsmyndagreining bankans eðlilega að bankakerfinu sjálfu, þ.e. kerfislega mikilvægu bönkunum þremur í heild sinni. Aftur á móti í ljósi umsýsluhlutverks Bankasýslu ríkisins með eignarhlutum ríkisins í fjármálafyrirtækjum er mikilvægt fyrir stofnunina að áætla afkomu og efnahag Íslandsbanka og Landsbankans undir sviðsmyndum Seðlabankans til að geta metið áhættu og ábata ríkissjóðs vegna eignarhaldsins með sjálfstæðum hætti. Þannig er nauðsynlegt fyrir stofnunina að gera sér grein fyrir því sem fyrst hversu djúp niðursveiflan geti orðið (og hvort að veita þurfi bönkunum viðbótar hlutafé) og hvenær niðursveiflan nái botni sínum (og hvenær arðgreiðslur geti hafist á ný).

Til að framkvæma slíka greiningu, þarf Bankasýsla ríkisins að gefa sér forsendur, sem Seðlabankinn birtir ekki í ritinu *Fjármálastöðugleiki 2020/1*. Er það sér í lagi vegna flókins sampils á milli breytinga á lánum til viðskiptavina og á áhættugrunni, sem svo aftur á móti hefur áhrif á eiginfjárhlutfall. Allar meginforsendur, sem eru taldar hér á eftir, eru óháðar sviðsmyndum.

Í fyrsta lagi að hlutdeild hvors banka fyrir sig í hreinum vaxtatekjum bankanna þriggja á spátímabilinu verði hin sama og árið 2019.

Í öðru lagi að hlutdeild hvors banka fyrir sig í liðnum aðrar tekjur og gjöld verði í samræmi við hlutfall eigna þeirra í árslok 2019.

Í þriðja lagi að hlutdeild hvors banka fyrir sig í virðisbreytingu útlána á spátímabilinu verði í samræmi við hlutdeild þeirra í væntu útlánatapi 31. desember sl., eins og Bankasýsla ríkisins áætlaði það út frá áhættuskýrslum bankanna fyrir árið 2019.

Í fjórða lagi að hlutdeild hvors banka fyrir sig í hagnaði eftir skatta (þ.e. sérstakan skatt af skuldum fjármálafyrirtækja og tekjuskatt) verði í samræmi við hlutdeild þeirra í hagnaði fyrir skatta eins og reiknast á spátímabilinu með forsendunum hér á undan.

Í fimmta lagi að áhættugrunnur hvors banka verði í lok hvers árs á spátímabilinu í samræmi við hlutdeild þeirra í samtals áhættugrunni kerfislega mikilvægu bankanna þriggja eins og hann var í árslok 2019.

Í sjötta lagi að reglugerðarbreytingar, sem tekið hafa gildi á Íslandi eftir 31. desember sl., þ.e. upphafsstöðu greiningar Seðlabankans, leiði annars vegar til lækkunar á áhættugrunni og hins vegar til hækkunar á almennu eigin fé í þætti 1 á spátímabilinu. Þannig tók gildi þann 1. janúar sl. á Íslandi ákvæði 501. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 um varfærniskröfur vegna starfsemi lánastofnana og fjárfestingarfyrirtækja, sem mun leiða til lækkunar á áhættugrunni útlána til lítilla og meðalstórra fyrirtækja, sem tilheyra áhættuskuldbindingum vegna útlána til fyrirtækja, vegna útlána til einstaklinga, lítilla og meðalstórra fyrirtækja (e. retail) og vegna fasteignaveðlána. Í ársreikningi Íslandsbanka fyrir 2019 kom fram að áhættugrunnur bankans 31. desember sl. hefði lækkað um 15,6 ma.kr., ef reglugerðin hefði tekið gildi þann dag. Þá kom fram í ársreikningi Landsbankans fyrir sama ár að áhættugrunnur bankans hefði lækkað um 13,0 ma.kr. ef reglugerðin hefði tekið gildi í árslok 2019.

Þá tóku einnig gildi breytingar á reglugerð (ESB) nr. 233/2017 um varfærniskröfur vegna starfsemi fjármálafyrirtækja þann 4. maí sl., sem heimila fjármálafyrirtækjum að bæta aftur við eiginfjárgrunn ákveðnum hluta viðbúins taps af útlánum sem áður hafði komið til frádráttar, vegna innleiðingar IFRS 9 reikningsskilastaðalsins. Þannig kom fram í árshlutareikningi Íslandsbanka fyrir fyrstu sex mánuði ársins 2020 að almennt eigið fé í þætti 1 væri 3,8 ma.kr. þann 30. júní sl. vegna heimildarinnar. Í árshlutareikning Landsbankans fyrir sama tímabil kemur ekki fram að bankinn hafi nýtt sér þessa heimild.²⁶

Í sjöunda lagi að annað eigið fé, þ.e. viðbótar eigið fé í þætti 1 og eigið fé í þætti 2, verði óbreytt á spátímabilinu frá upphafsstöðu, þ.e. í árslok 2019. Þannig er ekki gert ráð fyrir áhrifum viðbótarútgáfu, niðurfærslu eða gengisbreytinga á spátímabilinu.

Tafla 9 sýnir þær forsendur, sem Bankasýsla ríkisins studdist við, þegar stofnunin reiknaði hlutdeild Íslandsbanka og Landsbankans í liðum, sem birtir voru í spá Seðlabankans um afkomu kerfislega mikilvægu bankanna í sviðsmyndagreiningunni.

Tafla 9: Forsendur og útreikningar fyrir hlutdeild einstakra banka í hreinum vaxtatekjum, virðisýrnnun útlána og öðrum tekjum og gjöldum á spátímabilinu (fjárhæðir í ma.kr.)²⁷

	<u>Arion banki</u>	<u>Íslands- banki</u>	<u>Lands- bankinn</u>	<u>Samtals</u>
Hreinar vaxtatekjur				
Hreinar vaxtatekjur á árinu 2019	30,3	33,7	39,7	103,7
<i>Hlutdeild í hreinum vaxtatekjum</i>	29,2%	32,5%	38,3%	100,0%
Virðisýrnnun útlána				
Brúttó fjárhæð útlána í árslok 2019	782,4	909,9	1.140,4	2.832,7
Áætlað vænt árlegt útlánatap (%)	<u>0,37%</u>	<u>0,39%</u>	<u>0,39%</u>	<u>0,38%</u>
Áætlað vænt árlegt útlánatap (kr.)	2,9	3,6	4,4	10,9
<i>Hlutdeild í virðisýrnnun</i>	26,3%	32,9%	40,8%	100,0%
Aðrar tekjur og gjöld				
Eignir í árslok 2019	1.081,9	1.199,5	1.426,3	3.707,7
<i>Hlutdeild í öðrum tekjum og gjöldum</i>	29,2%	32,4%	38,5%	100,0%
Áhættugrunnur í lok hvers árs				
Áhættugrunnur í árslok 2019	719,8	884,6	1.020,4	2.624,7
<i>Hlutdeild í samtals áhættugrunni</i>	27,4%	33,7%	38,9%	100,0%
Áhrif reglugerðabreytinga árið 2020				
Lækkun áhættugrunns	(11,9)	(15,6)	(13,0)	(40,5)
Hækkun almenns eigin fjár í þætti 1	1,6	3,8	-	5,4

²⁶ Frá því að áhrifa heimsfaraldurs kórónuveirunnar fór að gæta var ráðist í ýmsar ívilnandi breytingar á regluverki fyrir evrópska banka, en þar sem þær hafa ekki verið innleiddar í íslensk lög er ekki unnt að ákvarða fjárhagsleg áhrif þeirra með ákvæðnum hætti.

²⁷ Heimild: Ársreikningar bankanna fyrir 2019, árshlutareikningar bankanna fyrir fyrstu sex mánuði 2020, áhættuskýrsla Landsbankans fyrir 2019. Útreikningar Bankasýslu ríkisins.

Ofangreindar forsendur eru til viðbótar þeim, sem Bankasýsla ríkisins gerði við útreikning á hagnaði eftir skatta og breytingar á almennu eigin fé í þætti 1 og áhættugrunni fyrir kerfislega mikilvægu bankana í heild sinni og í kaflanum hér á undan. Er því ljóst á fyrirvörum Seðlabankans um óvissu í sviðsmyndagreiningu bankans fyrir kerfislega mikilvæga banka í heild sinni til viðbótar fyrrgreindum forsendum Bankasýslu ríkisins að niðurstöður sviðsmyndagreiningar fyrir Íslandsbanka og Landsbankann eru háðar enn frekari óvissu.²⁸

Við túlkun á niðurstöðum útreikninga á áætlaðri afkomu og efnahag Íslandsbanka og Landsbankans á spátímabilinu undir sviðsmyndunum leggur Bankasýsla ríkisins aðallega áherslu á að meta viðnámsþrótt bankanna, sérstaklega eins og hann birtist í áætlaðri eiginfjárstöðu í árslok 2021, áður en að Seðlabankinn spáir að bata verði náð. Þess vegna er sérstök áhersla á að meta viðnámsþrótt og fjárhagslegan styrk bankanna undir sviðsmynd 3. Af þeim sökum leggur stofnunin ekki sérstakt mat á sveiflur í afkomu hvors banka fyrir sig eins og þær birtast í mismunandi sviðsmyndum og árum.

Sviðsmynd 1: Grunnspá Seðlabankans

Eins og kom fram hér á undan, er sviðsmynd 1 grunnspá Seðlabankans. Samkvæmt þeirri sviðsmynd mun hlutfall almenns eiginfjár í þætti 1 hjá kerfislega mikilvægu bönkunum lækka úr 22,3% í árslok 2019 niður í 19,2% í árslok 2021 og virðisrýrnun útlána þeirra á árunum 2020 og 2021 nema 4,7% af útlánum í árslok 2019.

Tafla 10 sýnir áætlaða afkomu Íslandsbanka skv. sviðsmynd 1 að gefnum þeim forsendum, sem taldar voru upp hér á undan, og efnahags bankans í lok hvers árs. Þá sýnir taflan einnig eiginfjárkröfu FME gagnvart bankanum m.v. 30. júní sl. Tafla 11 sýnir sams konar upplýsingar fyrir Landsbankann.

²⁸ Þannig má t.d. nefna að Íslandsbanki tilkynnti þann 7. júlí sl. um sölu á 63,5% hlut í Borgun hf., sem var hluti af samstæðu bankans í ársreikningi 2019. Það ár nam tap félagsins fyrir skatta 1,2 ma.kr. Í tilfalli Landsbankans geta aftur á móti verið töluverðar sveiflur í fjármunatekjum. Þessir liðir geta því haft mikil áhrif á aðrar tekjur og gjöld þessara banka í framtíðinni. Í árshlutareikningi fyrir fyrstu sex mánuði ársins 2020 hefur Íslandsbanki endurgert (e. restated) sambærilegar fjárhæðir fyrir sama tímabil 2019, sem taka tillit til endurflokkun og sölu Borgunar hf.

Tafla 10: Áætluð afkoma og arðsemi Íslandsbanka 2020 til 2022 og efnahagur í árslok m.v. sviðsmynd 1 í greiningu Seðlabanka Íslands (fjárhæðir í ma.kr.)²⁹

	<u>2019</u>	<u>2020</u>	<u>2021</u>	<u>2022</u>
Afkoma ársins				
Hreinar vaxtatekjur	33,7	28,8	27,9	30,1
Virðisbreyting útlána	(3,7)	(17,1)	(28,1)	(6,0)
Aðrar tekjur og gjöld	<u>(14,2)</u>	<u>(15,3)</u>	<u>(13,8)</u>	<u>(11,9)</u>
Hagnaður fyrir skatta	15,8	(3,5)	(13,9)	12,2
Skattar	<u>(7,2)</u>	<u>(1,4)</u>	<u>(1,0)</u>	<u>(4,9)</u>
Hagnaður eftir skatta	8,6	(4,9)	(14,9)	7,3
Efnahagur í lok árs				
<i>Áhættu- og eiginfjárgrunnur</i>				
Áhættugrunnur	884,6	899,2	909,5	918,0
Almennt eigið fé í þætti 1	175,6	174,5	159,6	166,9
Annað eigið fé	<u>22,7</u>	<u>22,7</u>	<u>22,7</u>	<u>22,7</u>
Eiginfjárgrunnur	198,3	197,2	182,3	189,6
<i>Eiginfjárhlutfall</i>				
Almennt eigið fé í þætti 1	19,9%	19,4%	17,5%	18,2%
Annað eigið fé	<u>2,6%</u>	<u>2,5%</u>	<u>2,5%</u>	<u>2,5%</u>
Eiginfjárhlutfall	22,4%	21,9%	20,0%	20,7%
<i>Eiginfjárhlutfall umfram eiginfjárkröfu</i>				
Almennt eigið fé í þætti 1	7,1%	6,6%	4,7%	5,4%
Samtals eigið fé	5,4%	4,9%	3,0%	3,6%
Arðsemi almenns eigin fjár í þætti 1				
Fyrir skatta	9,1%	-2,0%	-8,3%	7,5%
Eftir skatta	4,9%	-2,8%	-8,9%	4,5%

Í samræmi við spá Seðlabankans fyrir kerfislega mikilvæga banka í heild sinni stefnir í að versta ár bankans verði 2021, þegar áætlað tap fyrir skatta gæti numið 13,9 ma.kr. og áætlað tap eftir skatta 14,9 ma.kr. Skýrist það aðallega af 28,1 ma.kr. í virðisrýrnun útlána. Athygli vekur að hagnaður er áætlaður lægri árið 2022 en árið 2019. Miðað við fyrrgreindar forsendur má ætla að almennt eigið fé í þætti 1 muni lækka úr 175,6 ma.kr. í árslok 2019 niður í 159,6 ma.kr. í árslok 2021, þegar það nær lágmarki. Þá yrði hlutfall almenns eiginfjár í þætti 1 alls 17,5% og samtals eiginfjárhlutfall 20,0%, sem þrátt fyrir allt yrði vel yfir lágmarks eiginfjárkröfum FME, sem eru 12,8% fyrir almennt eigið fé í þætti 1 og 17,1% fyrir samtals eigið fé. Þá yrðu eiginfjárhlutföll bankans einnig lægri í árslok 2022, heldur en þau voru í árslok 2019.

²⁹ Heimild: Bankasýsla ríkisins.

Tafla 11: Áætluð afkoma og arðsemi Landsbankans 2020 til 2022 og efnahagur í lok hvers árs skv. sviðsmynd 1 í greiningu Seðlabanka Íslands (fjárhæðir í ma.kr.)³⁰

	<u>2019</u>	<u>2020</u>	<u>2021</u>	<u>2022</u>
Afkoma ársins				
Hreinar vaxtatekjur	39,7	34,0	32,9	35,5
Virðisbreyting útlána	(4,8)	(21,2)	(34,8)	(7,4)
Aðrar tekjur og gjöld	<u>(7,3)</u>	<u>(18,2)</u>	<u>(16,4)</u>	<u>(14,2)</u>
Hagnaður fyrir skatta	27,5	(5,3)	(18,3)	13,9
Skattar	<u>(9,3)</u>	<u>(2,1)</u>	<u>(1,3)</u>	<u>(5,5)</u>
Hagnaður eftir skatta	18,2	(7,5)	(19,6)	8,3
Efnahagur í lok árs				
<i>Áhættu- og eiginfjárgrunnur</i>				
Áhættugrunnur	1.020,4	1.042,3	1.054,1	1.063,9
Almennt eigið fé í þætti 1	244,1	236,6	217,0	225,3
Annað eigið fé	<u>19,1</u>	<u>19,1</u>	<u>19,1</u>	<u>19,1</u>
Eiginfjárgrunnur	263,2	255,7	236,1	244,4
<i>Eiginfjárhlutfall</i>				
Almennt eigið fé í þætti 1	23,9%	22,7%	20,6%	21,2%
Annað eigið fé	<u>1,9%</u>	<u>1,8%</u>	<u>1,8%</u>	<u>1,8%</u>
Eiginfjárhlutfall	25,8%	24,5%	22,4%	23,0%
<i>Eiginfjárhlutfall umfram eiginfjárkröfu</i>				
Almennt eigið fé í þætti 1	10,2%	8,9%	6,8%	7,4%
Samtals eigið fé	7,0%	5,8%	3,6%	4,2%
Arðsemi almenns eigin fjár í þætti 1				
Fyrir skatta	11,5%	-2,2%	-8,1%	6,3%
Eftir skatta	7,6%	-3,1%	-8,6%	3,8%

Í grófum dráttum má segja að sama þróun verði upp á teningnum hjá Landsbankanum eins og hjá Íslandsbanka á áætluðum hagnaði fyrir og eftir skatta og hlutfalli almenns eigin fjár í þætti 1 á spátímabilinu. Þannig yrði áætlað tap fyrir skatta 18,3 ma.kr. og tap eftir skatta 19,6 ma.kr. árið 2021 og hlutfall eiginfjár í almennum þætti 1 ná lágmarki í árslok 2021, eða 20,6%. Þrátt fyrir þennan samdrátt frá árslokum 2019 verða eiginfjárhlutföll bankans samt langt umfram núgildandi lágmarks eiginfjárkröfur FME. Eins og í tilfelli Íslandsbanka yrðu eiginfjárhlutföll Landsbankans einnig lægri í lok spátímabilsins heldur en þau voru í upphafi þess.

Ef niðurstöður áætlaðrar afkomu og efnahags Íslandsbanka og Landsbankans undir þessari sviðsmynd eru bornar saman má sjá að áætlað tap Landsbankans verður meira á árunum 2020 og 2021 heldur en hjá Íslandsbanka. Er það vegna þess að Bankasýsla ríkisins áætlar að hlutdeild Landsbankans í

³⁰ Heimild: Bankasýsla ríkisins.

virðisrýrnun útlána kerfislega mikilvægra banka að fjárhæð verði hærri en hlutdeild Íslandsbanka, þ.e. 55,9 ma.kr. í stað 45,1 ma.kr. á þessu tveggja ára tímabili. Aftur á móti í ljósi stærðar Landsbankans sýnir samanburðurinn að hreinar vaxtatekjur bankans verði hærri á hverju ári heldur en hjá Íslandsbanka. Þegar virðisrýrnun færist í eðlilegra horf árið 2022 yrði aftur á móti hagnaður fyrir og eftir skatta hærri hjá Landsbankanum heldur en hjá Íslandsbanka, eins og t.d. raunin var árið 2019. Í tilfalli beggja banka verður þó eigið fé herra í lok hvers árs herra heldur en sem nemur eiginfjárkröfu FME. Þar sem áætlað er að báðir bankarnir skili hagnaði eftir skatt árið 2022 gætu þeir hafið arðgreiðslu á því ári.

Sviðsmynd 2: Betra frávíkisdæmi

Sviðsmynd 2 er eins og áður sagði betra frávíkisdæmi í spá Seðlabankans. Samkvæmt henni mun hlutfall almenns eiginfjár í þætti 1 hjá kerfislega mikilvægu bönkunum lækka niður í 20,8% í árslok 2021, í samanburði við 19,2% undir grunnsþá bankans. Tafla 12 sýnir sömu upplýsingar um Íslandsbanka skv. sviðsmynd 2 eins og tafla 10 sýndi um bankann skv. sviðsmynd 1. Tafla 13 sýnir svo sömu upplýsingar um Landsbankann skv. sviðsmynd 2 eins og tafla 11 sýndi um bankann skv. sviðsmynd 1.

Tafla 12: Áætluð afkoma og arðsemi Íslandsbanka 2020 til 2022 og efnahagur í lok hvers árs skv. sviðsmynd 2 í greiningu Seðlabanka Íslands (fjárhæðir í ma.kr.)

	<u>2019</u>	<u>2020</u>	<u>2021</u>	<u>2022</u>
Afkoma ársins				
Hreinar vaxtatekjur	33,7	30,1	32,4	36,0
Virðisbreyting útlána	(3,7)	(13,9)	(18,1)	(3,7)
Aðrar tekjur og gjöld	<u>(14,2)</u>	<u>(15,5)</u>	<u>(15,1)</u>	<u>(13,3)</u>
Hagnaður fyrir skatta	15,8	0,7	(0,9)	19,0
Skattar	<u>(7,2)</u>	<u>(1,4)</u>	<u>(2,4)</u>	<u>(7,1)</u>
Hagnaður eftir skatta	8,6	(0,7)	(3,2)	11,9
Efnahagur í lok árs				
<i>Áhættu- og eiginfjárgrunnur</i>				
Áhættugrunnur	884,6	893,5	915,6	925,4
Almennt eigið fé í þætti 1	175,6	178,7	175,5	187,4
Annað eigið fé	<u>22,7</u>	<u>22,7</u>	<u>22,7</u>	<u>22,7</u>
Eiginfjárgrunnur	198,3	201,4	198,2	210,1
<i>Eiginfjárhlutfall</i>				
Almennt eigið fé í þætti 1	19,9%	20,0%	19,2%	20,3%
Annað eigið fé	<u>2,6%</u>	<u>2,5%</u>	<u>2,5%</u>	<u>2,5%</u>
Eiginfjárhlutfall	22,4%	22,5%	21,6%	22,7%
<i>Eiginfjárhlutfall umfram eiginfjárkröfu</i>				
Almennt eigið fé í þætti 1	7,1%	7,2%	6,4%	7,4%
Samtals eigið fé	5,4%	5,5%	4,6%	5,7%
Arðsemi almenns eigin fjár í þætti 1				
Fyrir skatta	9,1%	0,4%	-0,5%	10,5%
Eftir skatta	4,9%	-0,4%	-1,8%	6,6%

Þar sem sviðsmynd 2 er betra frávíkisdæmi í greiningu Seðlabankans kemur ekki á óvart að afkoma Íslandsbanka fyrir skatt verði betri á hverju ári heldur en undir sviðsmynd 1. Er það aðallega vegna þess að skv. sviðsmynd 2 er spáð að virðisrýrnun útlána hjá bankanum verði samtals 35,7 ma.kr. á öllu spátímabilinu, í samanburði við 51,1 ma.kr. undir sviðsmynd 1. Aftur sem áður stefnir í það að 2021 verði versta ár bankans, en þó að tap ársins fyrir skatta nemi einungis 0,9 ma.kr. og tap eftir skatta 3,2 ma.kr. Eins og sjá má á þróun á eiginfjárlutfalli bankans á spátímabilinu verður það öll árin töluvert umfram eiginfjárkröfu FME. Hagnaður Íslandsbanka eftir skatta á árinu 2022 er áætlaður 11,9 ma.kr., og yrði hann þá hærri en hagnaður ársins 2109, sem var 8,6 ma.kr.

Tafla 13: Áætluð afkoma og arðsemi Landsbankans 2020 til 2022 og efnahagur í lok hvers árs skv. sviðsmynd 2 í greiningu Seðlabanka Íslands (fjárhæðir í ma.kr.)

	<u>2019</u>	<u>2020</u>	<u>2021</u>	<u>2022</u>
Afkoma ársins				
Hreinar vaxtatekjur	39,7	35,5	38,2	42,4
Virðisbreyting útlána	(4,8)	(17,2)	(22,4)	(4,6)
Aðrar tekjur og gjöld	<u>(7,3)</u>	<u>(18,4)</u>	<u>(18,0)</u>	<u>(15,8)</u>
Hagnaður fyrir skatta	27,5	(0,2)	(2,3)	22,0
Skattar	<u>(9,3)</u>	<u>0,3</u>	<u>(6,3)</u>	<u>(8,2)</u>
Hagnaður eftir skatta	18,2	0,2	(8,6)	13,8
Efnahagur og eigið fé í lok árs				
<i>Áhættu- og eiginfjárgrunnur</i>				
Áhættugrunnur	1.020,4	1.035,7	1.061,2	1.072,5
Almennt eigið fé í þætti 1	244,1	244,3	235,7	249,5
Annað eigið fé	<u>19,1</u>	<u>19,1</u>	<u>19,1</u>	<u>19,1</u>
Eiginfjárgrunnur	263,2	263,3	254,8	268,6
<i>Eiginfjárlutfall</i>				
Almennt eigið fé í þætti 1	23,9%	23,6%	22,2%	23,3%
Annað eigið fé	<u>1,9%</u>	<u>1,8%</u>	<u>1,8%</u>	<u>1,8%</u>
Eiginfjárlutfall	25,8%	25,4%	24,0%	25,0%
<i>Eiginfjárlutfall umfram eiginfjárkröfu</i>				
Almennt eigið fé í þætti 1	10,2%	9,8%	8,4%	9,5%
Samtals eigið fé	7,0%	6,7%	5,3%	6,3%
Arðsemi almenns eigin fjár í þætti 1				
Fyrir skatta	11,5%	-0,1%	-1,0%	9,1%
Eftir skatta	7,6%	0,1%	-3,6%	5,7%

Eins og í tilfelli sviðsmyndar 1 má segja að sama þróun verði upp á teningnum hjá Landsbankanum eins og hjá Íslandsbanka. Þar sem árleg virðisrýrnun útlána verður mest á árinu 2021 verður afkoma bankans það árið lakari en hjá Íslandsbanka. Ef niðurstöður áætlaðrar afkomu og efnahags bankanna í sviðsmynd 2 eru bornar saman má sjá að um svipað mynstur á milli bankanna eins og það var í sviðsmynd 1, en með mun minni sveiflu á milli ára. Þá stefnir arðsemi almenns eigin fjár í þætti 1 hjá

bönkunum undir þessari sviðsmynd í að verða umfram ávöxtunarkröfu ríkisins árið 2022 m.v. óbreytta vexti Seðlabanka.³¹ Þá virðist eiginfjárlutfall bankanna haldast frekar stöðugt á spátímabilinu, skv. þeim forsendum sem Bankasýsla ríkisins hefur stuðst við, og verður svipað í lok spátímabilsins, þ.e. í árslok 2022, eins og það var í byrjun þess, þ.e. í árslok 2019. Raungerist þessi sviðsmynd má því ætla að svigrúm til arðgreiðslna geti myndast fyrr heldur en undir grunnsþá bankans, þ.e. sviðsmynd 1.

Sviðsmynd 3: Verra fráviksdæmi

Sviðsmynd 3 er verra fráviksdæmi í spá Seðlabankans. Tafla 14 sýnir sömu upplýsingar um Íslandsbanka skv. sviðsmynd 3 eins og tafla 10 sýndi um bankann skv. sviðsmynd 1. Tafla 15 sýnir svo sömu upplýsingar um Landsbankann skv. sviðsmynd 3 eins og tafla 11 sýndi um bankann skv. sviðsmynd 1.

Tafla 14: Áætluð afkoma og arðsemi Íslandsbanka 2020 til 2022 og efnahagur í lok hvers árs skv. sviðsmynd 3 í greiningu Seðlabanka Íslands (fjárhæðir í ma.kr.)

	<u>2019</u>	<u>2020</u>	<u>2021</u>	<u>2022</u>
Afkoma ársins				
Hreinar vaxtatekjur	33,7	27,9	24,5	25,8
Virðisbreyting útlána	(3,7)	(23,3)	(45,0)	(10,2)
Aðrar tekjur og gjöld	<u>(14,2)</u>	<u>(15,1)</u>	<u>(12,3)</u>	<u>(10,6)</u>
Hagnaður fyrir skatta	15,8	(10,6)	(32,8)	5,0
Skattar	<u>(7,2)</u>	<u>(1,6)</u>	<u>(0,1)</u>	<u>(3,2)</u>
Hagnaður eftir skatta	8,6	(12,2)	(33,0)	1,8
Efnahagur í lok árs				
<i>Áhættu- og eiginfjárgrunnur</i>				
Áhættugrunnur	884,6	895,0	895,5	893,6
Almennt eigið fé í þætti 1	175,6	167,2	134,3	136,1
Annað eigið fé	<u>22,7</u>	<u>22,7</u>	<u>22,7</u>	<u>22,7</u>
Eiginfjárgrunnur	198,3	189,9	156,9	158,8
<i>Eiginfjárlutfall</i>				
Almennt eigið fé í þætti 1	19,9%	18,7%	15,0%	15,2%
Annað eigið fé	<u>2,6%</u>	<u>2,5%</u>	<u>2,5%</u>	<u>2,5%</u>
Eiginfjárlutfall	22,4%	21,2%	17,5%	17,8%
<i>Eiginfjárlutfall umfram eiginfjárkröfu</i>				
Almennt eigið fé í þætti 1	7,1%	5,9%	2,2%	2,4%
Samtals eigið fé	5,4%	4,2%	0,5%	0,7%
Arðsemi almenns eigin fjár í þætti 1				
Fyrir skatta	9,1%	-6,2%	-21,8%	3,7%
Eftir skatta	4,9%	-7,1%	-21,9%	1,4%

³¹ Ávöxtunarkrafa ríkisins samsvarar 5% álagi á vexti á viðskiptareikningum innlánsstofnana í Seðlabanka, en þeir eru nú 0,75%.

Í þessu verra fráviksdæmi Seðlabankans yrði tap Íslandsbanka fyrir skatta samtals 38,4 ma.kr. á spátímabilinu, í samanburði við 5,3 ma.kr. samkvæmt grunnspá Seðlabankans. Er það aðallega vegna samtals 78,5 ma.kr. í virðisrýrnun útlána á tímabilinu, í samanburði við 51,1 ma.kr. í grunnspánni. Þannig er áætlað tap eftir skatta árið 2021 verði 33,0 ma.kr., en að 1,9 ma.kr. hagnaður verði árið 2022. Eiginfjárlutfall bankans stíglækkar til ársins 2021, þegar það nær lágmarki, en bæði hlutfall almenns eigin fjár í þætti 1 og samtals eigin fjár í árslok 2021 verða þó hærri en sem nemur eiginfjárkröfu FME, eins og reyndar öll ár spátímabilsins.

Tafla 15: Áætluð afkoma og arðsemi Landsbankans 2020 til 2022 og efnahagur í lok hvers árs skv. sviðsmynd 3 í greiningu Seðlabanka Íslands (fjárhæðir í ma.kr.)

	<u>2019</u>	<u>2020</u>	<u>2021</u>	<u>2022</u>
Afkoma ársins				
Hreinar vaxtatekjur	39,7	32,8	28,8	30,4
Virðisbreyting útlána	(4,8)	(28,9)	(55,7)	(12,6)
Aðrar tekjur og gjöld	<u>(7,3)</u>	<u>(18,0)</u>	<u>(14,7)</u>	<u>(12,6)</u>
Hagnaður fyrir skatta	27,5	(14,1)	(41,6)	5,2
Skattar	<u>(9,3)</u>	<u>(2,2)</u>	<u>(0,1)</u>	<u>(3,3)</u>
Hagnaður eftir skatta	18,2	(16,2)	(41,7)	1,9
Efnahagur í lok árs				
<i>Áhættu- og eiginfjárgrunnur</i>				
Áhættugrunnur	1.020,4	1.037,5	1.038,0	1.035,8
Almennt eigið fé í þætti 1	244,1	227,9	186,1	188,0
Annað eigið fé	<u>19,1</u>	<u>19,1</u>	<u>19,1</u>	<u>19,1</u>
Eiginfjárgrunnur	263,2	246,9	205,2	207,1
<i>Eiginfjárlutfall</i>				
Almennt eigið fé í þætti 1	23,9%	22,0%	17,9%	18,2%
Annað eigið fé	<u>1,9%</u>	<u>1,8%</u>	<u>1,8%</u>	<u>1,8%</u>
Eiginfjárlutfall	25,8%	22,0%	17,9%	18,2%
<i>Eiginfjárlutfall umfram eiginfjárkröfu</i>				
Almennt eigið fé í þætti 1	10,2%	8,2%	4,2%	4,4%
Samtals eigið fé	7,0%	5,1%	1,0%	1,2%
Arðsemi almenns eigin fjár í þætti 1				
Fyrir skatta	11,5%	-6,0%	-20,1%	2,8%
Eftir skatta	7,6%	-6,9%	-20,1%	1,0%

Eins og tafla 15 sýnir yrði uppsafnað tap fyrir skatta á rekstri Landsbankans samtals 50,5 ma.kr. á spátímabilinu, í samanburði við 9,8 ma.kr. undir grunnspá Seðlabankans. Virðisrýrnun útlána yrði þá 97,3 ma.kr., í samanburði við 63,8 ma.kr. undir grunnspá bankans. Einungis 5,2 ma.kr. hagnaður yrði á rekstri bankans fyrir skatta árið 2022. Eins og í tilfelli Íslandsbanka stíglækkar eiginfjárlutfall bankans til ársins 2021, en yrði þrátt fyrir allt umfram lágmarks eiginfjárkröfur FME.

Ef niðurstöður greiningar Bankasýslu ríkisins undir sviðsmynd 3 hjá Seðlabankanum ganga eftir má sjá, eins og í sviðsmynd 1 og 2, að hreinar vaxtatekjur Landsbankans eru í ljósi stærðar bankans alltaf hærri á hverju ári spátímabilsins en hjá Íslandsbanka. Að sama skapi er virðisrýrnun útlána hjá Landsbankanum að fjárhæð einnig hærri heldur en hjá Íslandsbanka á hverju ári spátímabilsins. Það sama er einnig uppi á teningnum varðandi fjárhæð annarra tekna og gjalda, sem er neikvæð öll árin. Aftur á móti þegar allir ofangreindir liðir eru lagðir saman, er það meiri virðisrýrnun að fjárhæð sem orsakar meiri taprekstur hjá Landsbankanum heldur en hjá Íslandsbanka á árunum 2020 og 2021. Aftur á móti á árinu 2022, þegar aðstæður eru orðnar eðlilegri, verður hagnaður fyrir og eftir skatta hærri hjá Landsbankanum heldur en hjá Íslandsbanka.

Svigrúm bankanna ætti þó að vera meira heldur en niðurstaða sviðsmyndagreiningar Seðlabankans fyrir kerfislega mikilvæga banka í heild sinni og frekari greining Bankasýslu ríkisins á Íslandsbanka og Landsbankanum segja til um. Þannig bendir Seðlabankinn í ritinu að „bankar í Evrópu, þar með talið hér á landi, [geti] á álagstímum gengið á verndunaraukann en það hefur þó áhrif á hámarksútgreiðslufjárhæð þeirra í samræmi við evrópskt regluverk“. Verndunaraukinn er lögbundinn sem 2,5% af áhættugrunni, sbr. ákvæði 86. gr. e. í lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki, en eins og bankinn bendir á geta fjármálafyrirtæki gengið á verndunaraukann „án verulega íþyngjandi aðgerða af hálfu eftirlitsaðila“. Þar sem fjármálafyrirtækjum ber að mæta kröfum um verndunarauka með almennu eigin fé í þætti 1 veitir hann bönkunum verulegt viðbótar svigrúm. Þá er ljóst að sviðsmyndagreiningin tekur ekki tillit til aðgerða bankanna sjálfra, sem ættu að auka viðnámsþrótt þeirra. Einnig er líklegt að frekari ívilnanir af hálfu eftirlitsaðila muni auðvelda bönkum um alla Evrópu að mæta eiginfjárkröfum, eins og t.d. frekari breytingar á reglugerð (ESB) nr. 233/2017, sem þegar hafa heimilað bönkum að bæta aftur við eiginfjárgrunn ákveðnum hluta viðbúins taps af útlánum sem áður hafði komið til frádráttar. Þannig er ljóst að aukning í virðisrýrnun útlána muni ekki endilega leiða til samsvarandi lækkunar á eiginfjárgrunni fjármálafyrirtækja. Að lokum ber að geta þess að svigrúm bankanna er mun meira undir kröfum um almennt eigið fé í þætti 1 heldur en samtals eigið fé, sem þeir ættu að geta aukið með frekari útgáfu víkjandi lána, frekar en nýs hlutfjár.


Niðurstaða

Það er niðurstaða þessarar greiningar Bankasýslu ríkisins á sviðsmyndum Seðlabankans að eiginfjárhlutfall Íslandsbanka og Landsbankans verði hærra en sem nemur núgildandi eiginfjárkröfum FME undir verstu sviðsmynd Seðlabankans, þ.e. verra fráviksdæmi hans. Stofnunin telur að undir grunnspá bankans og betri sviðsmynd geti bankarnir hafið arðgreiðslu árið 2022. Eins og áður hefur komið fram er greining Bankasýslu ríkisins aftur á móti háð enn meiri óvissu en sviðsmyndagreining Seðlabankans fyrir kerfislega mikilvægu bankana í heild sinni og því óvíst hvort að raunveruleg afkoma bankanna og þróun á efnahag þeirra endurspegli niðurstöður greiningar stofnunarinnar.

Lokaorð

Bankasýsla ríkisins mun með reglulegum hætti uppfæra mat sitt á þeirri áhættu, sem eðlilega fylgir eignarhaldi ríkisins á tveimur af þremur kerfislega mikilvægum bönkum, sérstaklega m.t.t. áhrifa heimsfaraldurs kórónuveirunnar á efnahagslífið. Í þessu sambandi mun stofnunin sérstaklega horfa til þróunar á virðisrýrnun útlána, en eins og kom fram í ritinu *Fjármálastöðguleiki 2020/1* versnaði útlánastaða bankanna á milli febrúar og maí. Mynd 3 sýnir hlutfall útlána, sem er í vanefndum, hjá kerfislega mikilvægu bönkunum þremur þann 31. desember sl, 29. febrúar sl. og 31. maí sl.

Mynd 3: Hlutfall útlána í vanefndum hjá kerfislega mikilvægum bönkum³²



Eins og myndin sýnir glöggð hefur hlutfall útlána í vanefndum hækkað það sem af er ári. Mesta aukning á útlánunum í vanefndum hefur verið hjá fyrirtækjum í þjónustu, en leiða má líkur að það séu að stórum hluta fyrirtæki í ferðaþjónustu. Hátt hlutfall útlána í vanefndum til eignarhaldsfélaga á ekki að vera áhyggjuefni, þar sem það er afar lágt sem hlutfall af útlánunum til viðskiptavina.³³ Aftur á móti er erfitt að gera sér grein fyrir því hvort að aukningin í hlutfalli útlána í vanefndum frá febrúar til maí endurspeglar í efnahagsreikningi bankanna frá 31. desember, 31. mars eða 30. júní sl.³⁴ Seðlabankinn styðst við svokallaða lánþegaðferð, en þá teljast eftirstöðvar allra útlána lántaka í vanefndum ef eitt lán er komið í 90 daga vanskil. Bankasýsla ríkisins horfir aftur á móti til hlutfalls útlána á áhættustigi 3, sem bönkunum ber að birta skv. IFRS 9 reikningsskilastaðlinum. Þá er ekki ljóst hvort að

³² Heimild: Seðlabanki Íslands (*Fjármálastöðguleiki 2020/1* Mynd I-33).

³³ Landsbankinn er eini bankinn, sem tilgreinir sérstaklega útlán til eignarhaldsfélaga. Þann 30. júní sl. nam bókfært virði þeirra samtals 26,4 ma.kr., sem samsvaraði 2,2% af bókfærðu virði útlána til viðskiptavina. Af útlánunum til eignarhaldsfélaga voru 0,3% af brúttó fjárhæð flokkuð í áhættustigi 3.

³⁴ Seðlabankinn styðst við svokallaða lánþegaðferð við útreikninga á vanefndum.

atvinnugreinaflokkun bankanna annars vegar og Seðlabankans hins vegar sé sú nákvæmlega sama. Af þeim sökum er ekki unnt að ákvarða með vissu að hversu miklu leyti útlán í vanefndum skv. flokkun Seðlabanka hafa þegar birst á efnahagsreikningi bankanna sem útlán í vanskilum.³⁵

Tafla 17 sýnir stöðu útlána í vanefndum hjá bönkunum þremur og hlutfallslega skiptingu eftir úrræði. Samtals dálkurinn samsvarar tölunum úr mynd 3 hér á undan. Er töflunni skipt annars vegar í fyrirtæki og hins vegar heimili. Fyrirtækjum er svo skipt eftir fjárhæð kröfu, þar sem kröfuvirði er meira en 1.000 m.kr. í tilfalli stórra fyrirtækja, á billinu 100 m.kr. til 1.000 m.kr. hjá meðalstórum fyrirtækjum og lægri en 100 m.kr. hjá litlum fyrirtækjum

Tafla 17: Staða útlána til viðskiptavina í vanefndum hjá kerfislega mikilvægum bönkum eftir fjárhæð kröfu

	<u>Fullnustu- meðferð</u>	<u>Innheimtu- ferli</u>	<u>Endurskipu -lagningu</u>	<u>Aðrar vanefndir</u>	<u>Frysting</u>	<u>Samtals</u>
Stór fyrirtæki						
31.12.2019	0,0%	0,0%	0,9%	0,7%	2,4%	4,0%
29.02.2020	0,0%	0,0%	0,9%	0,6%	2,6%	4,1%
31.05.2020	0,0%	0,2%	0,7%	0,5%	5,8%	7,2%
Meðalstór fyrirtæki						
31.12.2019	0,8%	1,0%	0,7%	1,8%	3,2%	7,5%
29.02.2020	0,9%	1,0%	0,5%	1,8%	4,1%	8,2%
31.05.2020	0,8%	0,9%	0,7%	1,3%	7,5%	11,2%
Lítill fyrirtæki						
31.12.2019	1,4%	1,1%	0,0%	0,9%	1,0%	4,5%
29.02.2020	1,4%	0,9%	0,0%	1,0%	1,3%	4,6%
31.05.2020	1,3%	1,4%	0,0%	0,8%	3,5%	6,9%
Heimili						
31.12.2019	0,2%	0,6%	0,0%	0,3%	0,8%	1,9%
29.02.2020	0,4%	0,4%	0,0%	0,2%	1,0%	2,0%
31.05.2020	0,4%	0,6%	0,0%	0,3%	1,5%	2,7%

Tafla 17 sýnir að hlutfall útlána í vanefndum er hæst hjá meðalstórum fyrirtækjum, eða 11,2% þann 31. maí sl. Þá sýnir taflan einnig mikla aukningu frá áramótum, eða 3,2% stig hjá stórum fyrirtækjum, 3,7% stig hjá meðalstórum fyrirtækjum og 2,4% hjá litlum fyrirtækjum.³⁶ Þá er það athyglisvert að lang

³⁵ Hjá heimilum nam t.d. hlutfall útlána í vanefndum 2,1%, 2,0% og 2,7% þann 31. desember, 29. febrúar og 31. maí sl., en hlutfall útlána í vanskilum, þ.e. áhættustigi 3, 1,9% og 1,6% þann 31. desember og 31. mars sl. Hjá fyrirtækjum í fiskveiðum og –vinnslu, eða í sjávarútvegi, nam hlutfall útlána í vanefndum 2,4%, 2,4% og 2,8%, þann 31. desember, 29. febrúar og 31. maí sl., en hlutfall útlána í vanskilum 0,6% þann 31. desember sl. og 31. mars sl. Sú staðreynd að hlutfall útlána í vanefndum virðist vera hærra en hlutfall útlána í vanskilum gæti bent til þess að til lána í vanefndum teljist einnig útlán, sem flokkuð eru undir áhættustigi 2.

³⁶ Skýringuna má e.t.v. rekja til aðferðarfræði Seðlabankans, þar sem fjárhæð kröfu, en ekki stærð umfangs, eins og samtals eignir eða fjöldi starfsmanna. Þannig geta í hópi meðalstórra fyrirtækja hvort tveggja verið lítið skuldsett fyrirtæki með mikil umsvif og mjög skuldsett fyrirtæki með lítil umsvif.

stærstur hluti útlána í vanefndum til fyrirtækja er í frystingu, eða 5,8% af 7,2% hjá stórum fyrirtækjum, 7,5% af 11,2% hjá meðalstórum fyrirtækjum og 3,5% af 6,9% hjá litlum fyrirtækjum þann 31. maí sl.

Þann 29. og 30. júlí sl. birtu kerfislega mikilvægu bankarnir þrír árshlutareikninga sína fyrir fyrstu sex mánuði, eða fyrri helming, ársins 2020. Tafla 18 sýnir helstu niðurstöður rekstrar þeirra á fyrstu sex mánuðum ársins. Taflan sýnir einnig áætlaða afkomu bankanna á ársgrundvelli árið 2020 út frá afkomu þeirra á fyrri árhelmingi og samkvæmt sviðsmyndum Seðlabanka.

Tafla 18: Afkoma kerfislegra mikilvægra banka á fyrri helmingi ársins 2020 og áætluð afkoma þeirra á árinu samkvæmt árshlutareikningum og sviðsmyndum Seðlabanka (fjárhæðir í ma.kr.)³⁷


	<u>Hreinar vaxtatekjur</u>	<u>Virðisbreyting útlána</u>	<u>Aðrar tekjur og gjöld</u>	<u>Hagnaður fyrir skatta</u>
Árshlutareikningar				
Arion banki	15,1	(3,7)	(4,8)	6,7
Íslandsbanki	16,8	(5,9)	(8,8)	2,1
Landsbankinn	<u>18,9</u>	<u>(13,4)</u>	<u>(8,5)</u>	<u>(3,0)</u>
Samtals	50,9	(23,1)	(22,1)	5,7
Ársgrundvallarmargfaldari	<u>2,0x</u>	<u>2,0x</u>	<u>2,0x</u>	<u>2,0x</u>
Áætlað á ársgrundvelli	101,7	(46,1)	(44,2)	11,5
Sviðsmyndir Seðlabanka				
Sviðsmynd 1	88,8	(51,9)	(47,2)	(10,3)
Sviðsmynd 2	92,7	(42,2)	(47,9)	2,6
Sviðsmynd 3	85,8	(70,9)	(46,7)	(31,8)

Eins og tafla 18 sýnir, þá eru áætlaðar hreinar vaxtatekjur á ársgrundvelli 101,7 ma.kr., eða hærri heldur en samkvæmt öllu sviðsmyndum Seðlabankans. Á fyrri árhelmingi nam virðisrýrnun útlána samtals 23,1 ma.kr., en þar af nam virðisrýrnun útlána til viðskiptavina á efnahagsreikningi, sem færð eru á afskrifuðu kostnaðarverði, samtals 22,5 ma.kr. Hagnaður kerfislega mikilvægu bankanna fyrir skatta á fyrri árhelmingi nam 5,7 ma.kr., eða 11,5 ma.kr. á ársgrundvelli. Er sú fjárhæð mun hærri heldur en áætlað er í betra fráviksdæmi Seðlabankans, þ.e. sviðsmynd 2.

Mikilvægt er að rýna enn frekar í virðisrýrnun útlána, eins og viðbúið er að hún yrði á árinu 2020 m.v. stöðu útlána í árslok 2019, raunverulegrar virðisrýrnunar á fyrri árhelming og áætlaðar virðisrýrnunar skv. sviðsmyndum Seðlabankans. Mynd 4 sýnir þennan samanburð.

³⁷ Heimild: Seðlabanki Íslands (*Fjármálastöðugleiki 2020/1*), árshlutareikningar bankanna, Bankasýsla ríkisins.

Mynd 4: Áætluð virðisrýrnun útlána til viðskiptavina á árinu 2020 (fjárhæðir í ma.kr.)³⁸



Myndin sýnir að vænt útlánatap miðað við stöðu útlána 31. desember sl. hefði átt að vera 10,9 ma.kr. Er það grundvallað á útreikningum Bankasýslu ríkisins á hlutfalli lána til heimila og fyrirtækja, eftir atvinnugrein, líkum á vanefndum (e. probability of default) innan eins árs og tapi að gefnum vanefndum (e. loss given default), skv. upplýsingum úr áhættuskýrslum síðasta árs. Myndin sýnir einnig að virðisrýrnun útlána á efnahagsreikningi, sem færð eru á afskrifuðu kostnaðarverði, nam 22,5 ma.kr. á fyrri árshelmingi.³⁹ Myndi það samsvara 45,0 ma.kr. virðisrýrnun á ársgrundvelli. Þannig sést að raunveruleg virðisrýrnun útlána það sem af er ári virðist á ársgrundvelli því vera um fjórfalt hærra en sem nemur þeirri virðisrýrnun, sem búast hefði mátt við í upphafi árs.⁴⁰ Að lokum sýnir myndin áætlaða virðisrýrnun útlána skv. sviðsmyndum Seðlabankans. Þar sést að raunveruleg virðisrýrnun útlána það sem af er ári er á ársgrundvelli nærri betra frávíkisdæmi bankans, þ.e. sviðsmynd 2, heldur en grunnspá bankans, þ.e. sviðsmynd 1. Að þessu sögðu er mikilvægt á þessari stundu að draga ekki ályktanir um

³⁸Heimild: Árshlutareikningar bankanna fyrir fyrsta fjórðung 2020, Seðlabankinn og Bankasýsla ríkisins.

³⁹Samkvæmt IFRS 9 reikningsskilastaðlinum skrá fjármála fyrirtæki upphaflega útlán til viðskiptavina með tvennum hætti, annars vegar á afskrifuðu kostnaðarverði og hins vegar á gangvirði. Vænt útlánatap þann 31. desember sl. og og raun virðisrýrnun útlána á fyrri árshelmingi miðað við virðisrýrnun útlána á efnahagsreikningi, sem færð eru á afskrifuðu kostnaðarverði. Þann 30. júní sl. nam bókfært virði útlána kerfislega mikilvægu bankanna samtals 2.813,8 ma.kr., en þar af námu útlán á afskrifuðu kostnaðarverði 2.798,6 ma.kr., eða 99,5% af útlánnum til viðskiptavina.

⁴⁰ Vænt útlánatap, eins og það birtist í árlegum áhættuskýrslum bankanna, samsvarar væntu útlánatapi á næstu tólf mánuðum. Virðisrýrnun útlána, sem færð eru á afskrifuðu kostnaðarverði, fer aftur á móti eftir áhættustigi þeirra skv. IFRS 9 reikningsskilastaðlinum. Þannig samsvarar virðisrýrnun útlána á stigi 1 væntu útlánatapi næstu tólf mánuði, en virðisrýrnun útlána á stigi 2 og stigi 3 væntu útlánatapi á líftíma undirliggjandi krafna. Til dæmis kom fram í árshlutareikningi Landsbankans að viðbúið útlánatap á næstu tólf mánuðum hefði hækkað úr 0,35% þann 31. desember sl. í 0,49% þann 30. júní sl.

hvort að raunveruleg virðisrýrnun útlána kerfislega mikilvægu bankanna á næstu misserum muni samsvara grunnsþá, betra eða verra fráviksdæmi Seðlabankans, m.a. í ljósi þess að einungis er um hálf t ár liðið af þeim þriggja ára spátíma sem sviðsmyndir bankans ná til. Af sömu ástæðum er varhugavert að draga slíkar ályktanir um virðisrýrnun eða afkomu einstakra banka, sérstaklega þar sem þegar hafa verið sveiflur í þessum rekstarliðum á þeim stutta tíma, sem liðinn frá því að heimsfaraldur kórónuveirunnar hófst. Þá ber að geta þess að ýmsar ráðstafanir, sem ráðist var af aðilum á fjármálamarkaði til að koma á mót við viðskiptavinum sína, eins og veiting tímabundins greiðslufrest, renna brátt út. Þannig rennur út greiðslufrestur skv. samkomulag aðila á fjármálamarkaði, sem upphaflega var undirritað 22. mars sl., þann 30. september nk.

Eins og fram kemur í eigandastefnu ríkisins „[þarf að meta] reglulega stöðu og áhættu ríkisins af eignarhaldi á meiri hluta íslenskra fjármálafyrirtækja“. Af þeim sökum mun Bankasýsla ríkisins uppfæra áhættumat stofnunarinnar reglulega á næstu mánuðum, sérstaklega í kjölfar birtingar á uppgjöri bankanna fyrir þriðja ársfjórðung. Þá getur verið tilefni til uppfærslu á áhættumati í kjölfar útgáfu Seðlabankans á ritinu *Fjármálastöðugleiki 2020/2* þann 22. september n.k.

■ Viðauki: Rekstur bankanna á fyrri ársþelming 2020 og staða þann 30. júní 2020

Inngangur

Þann 29. og 30. júlí sl birtu kerfislega mikilvægu bankarnir þrír afkomu sína fyrir fyrri þelming og annan fjórðung ársins, ásamt efnahagsreikningi dags. 30. júní og 31. desember sl. Í þessum viðauka er að finna samantekt á þeim upplýsingum um afkomu og efnahag, sem er að finna í viðkomandi ársþlutareikningum.

Töflur V1 og V2 sýna upplýsingar um afkomu á fyrri ársþelming og öðrum ársfjórðung 2020, tafla V3 sýnir upplýsingar um útlán til viðskiptavina og tafla V4 um eigið fé og laust fé þann 30. júní og 31. desember sl. Þá er að finna samantekt í töflu V5 um skilvirkni og arðsemi rekstrar þeirra á fyrsta ársþelmingi og öðrum ársfjórðung, í samanburði við sambærileg tímabil í fyrra. Loks sýnir tafla V6 upplýsingar úr tölulegum viðauka áhættuskýrslna Íslandsbanka og Landsbankans um stöðu útlána til viðskiptavina, sem njóta greiðslufrests, eins og hún var þann 30. júní sl.

Afkoma á fyrri ársþelming

Samtals rekstartekjur bankanna þriggja lækkuðu á fyrri þelmingi ársins um 15,2% í samanburði við sama tímabili á árinu 2019, eða úr 77,6 ma.kr. niður í 65,8 ma.kr. Af 11,8 ma.kr. lækkuninni má rekja 10,5 ma.kr. til annarra rekstrartekna, en þannig lækkuðu fjármunatekjur um 8,2 ma.kr. Ekki var um miklar sveiflur að ræða á öðrum rekstartekjum. Þannig lækkuðu hreinar vaxtatekjur um einungis 2,3% á milli ára, eða um 1,2 ma.kr.

Samtals rekstratekjur Landsbankans lækkuðu um 25,0% og lækkuðu allir rekstartekjuliðir á milli ára hjá bankanum. Af 7,6 ma.kr. lækkun nam lækkun annarra rekstrartekna 5,5 ma.kr., og þar af nam lækkun fjármunatekna 4,9 ma.kr. Fjármunatekjur Landsbankans á fyrri ársþelmingi 2020 lituðust m.a. af 1,9 ma.kr. tapi á útlánum til viðskiptavina, sem færð eru á gangvirði. Samtals rekstrartekjur Íslandsbanka lækkuðu um 14,4%, eða um 3,4 ma.kr. á milli ára. Hreinar vaxtatekjur hækkuðu reyndar um 0,5 ma.kr. á milli ára, en aðrar rekstratekjur féllu um 3,2 ma.kr. og þar af fjármunatekjur um 2,1 ma.kr.

Innan fyrsta ársþelmings þessa árs, voru samtals rekstrartekjur bankanna þriggja að fjárhæð 65,8 ma.kr. hærri á öðrum ársfjórðung, þegar þær námu 38,8 ma.kr., heldur en á fyrsta ársfjórðung, þegar þær námu 27,0 ma.kr. Munar þar mestu um aðrar rekstrartekjur, en fjármunatekjur voru jákvæðar um 5,3 ma.kr. á öðrum ársfjórðungi, en neikvæðar um 6,2 ma.kr. á fyrsta ársfjórðungi. Má það t.d. rekja til mikils bata á fjármálamörkuðum á öðrum fjórðungi í samanburði við fyrsta fjórðung.

Í samanburði við samtals rekstrartekjur á öðrum ársfjórðungi, námu samtals rekstrartekjur 38,8 ma.kr. á öðrum ársfjórðungi 2020, en 37,8 ma.kr. á öðrum ársfjórðungi 2019.

Samtals rekstargjöld bankanna þriggja lækkuðu einnig á milli fyrri ársþelmings 2020 og 2019, eða um 11,6% niður í 39,2 ma.kr. Allir kostnaðarliðir lækkuðu. Mesta lækkunin að fjárhæð og hlutfalli var á sérstökum skatti fjármálafyrirtækja, þ.e. bankaskattinum, en rekja má 3,4 ma.kr. af 5,2 ma.kr. samtals lækkun rekstargjalda til þessa liðs. Þá lækkuðu einnig iðgjöld í Tryggingarsjóð innstæðueigenda og fjárfesta („TIF“). Má rekja þá lækkun til breytinga á lögum nr. 98/1999 um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta. Þá lækkuðu einnig laun- og launatengd gjöld um 4,1% og annar stjórnunarkostnaður um 4,1%. Rekja má lækkunina á launum og tengdum gjöldum til fækkunar

stöðugilda á milli ára. Hjá Íslandsbanka lækkuðu samtals rekstrargjöld um 2,0 ma.kr., eða 13,3% á milli ára. Allir rekstrargjaldaliðir lækkuðu á milli ára hjá bankanum. Hjá Landsbankanum lækkuðu samtals rekstrargjöld um 1,1 ma.kr., eða 8,7%. Allir kostnaðarliðir að undanskyldum launum og tengdum gjöldum lækkuðu hjá bankanum á milli ára.

Þar sem samtals rekstrartekjur bankanna þriggja lækkuðu um 11,8 ma.kr., en samtals rekstrargjöld einungis um 5,2 ma.kr., lækkaði hagnaður þeirra fyrir virðisbreytingu fjáreigna og tekjuskatt um 6,7 ma.kr. á milli fyrri ársheilmings 2020 og 2019. Nam lækkunin á milli ára 20,0%.

Virðisýrnun fjáreigna nam 23,1 ma.kr. á fyrri hluta þessa árs, í samanburði við 6,1 ma.kr. á sama tímabili í fyrra. Augljóst er að rekja megi stærsta hluta til virðisýrnunar útlána til viðskiptavina vegna heimsfaraldurs kórónuveirunnar. Á fyrri hluta ársins nam virðisýrnun fjáreigna hjá Landsbankanum 13,4 ma.kr., en 5,9 ma.kr. hjá Íslandsbanka. Virðisýrnun fjáreigna á fyrri ársheilmingi skiptist nær jafnt á milli árshluta, en hún nam 11,6 ma.kr. á fyrsta ársfjórðungi en 11,5 ma.kr. á öðrum ársfjórðungi. Skiptingin á virðisýrnun hjá einstökum bönkum var aftur á móti misjafnari á milli þessara fjórðunga. Til dæmis jókst virðisýrnunin hjá Landsbankanum á milli ársfjórðunga, eða úr 5,2 ma.kr. á fyrsta ársfjórðungi í 8,2 ma.kr. á öðrum fjórðungi, en lækkaði hjá Íslandsbanka, og fór úr 3,5 ma.kr. á fyrsta ársfjórðungi niður í 2,4 ma.kr. á öðrum ársfjórðungi.

Lækkun hagnaðar fyrir virðisbreytingu fjáreigna ásamt aukinni virðisýrnun leiddi til lækkunar á hagnaði fyrir tekjuskatt hjá bönkunum þremur. Þannig nam hagnaður fyrir tekjuskatt samtals 3,4 ma.kr. á fyrri ársheilmingi 2020, en 27,0 ma.kr. á sama tímabili 2019. Nam lækkunin samtals 23,6 ma.kr. á milli ára. Á fyrri ársheilmingi 2020 var tap fyrir tekjuskatt á rekstri Landsbankans að fjárhæð 3,9 ma.kr., en hagnaður fyrir tekjuskatt að fjárhæð 13,6 ma.kr. á sama tímabili í fyrra. Hagnaður fyrir tekjuskatt var á rekstri Íslandsbanka á fyrri ársheilmingi 2020 að fjárhæð 1,3 ma.kr., í samanburði við 6,8 ma.kr. á sama tímabili 2019.

Hagnaður fyrir tekjuskatt hjá kerfislega mikilvægu bönkunum þremur var neikvæður um 4,1 ma.kr. á fyrsta ársfjórðungi, en jákvæður um 7,5 ma.kr. á öðrum ársfjórðungi 2020. Hagnaður fyrir tekjuskatt var neikvæður á báðum ársfjórðungum hjá Landsbankanum, eða 3,3 ma.kr. á fyrsta fjórðungi og 0,6 ma.kr. á öðrum ársfjórðungi. Hjá Íslandsbanka nam tap á fyrsta ársfjórðungi 0,4 ma.kr., en hagnaður á öðrum ársfjórðungi 1,7 ma.kr.

Hagnaður bankanna þriggja af áframhaldandi starfsemi nam samtals 0,8 ma.kr. á fyrri ársheilmingi 2020, í samanburði við 21,1 ma.kr. á sama tímabili 2019. Lækkunin nam samtals 20,3 ma.kr. á milli ára og skýrist aðallega af aukinni virðisýrnun fjáreigna sem jókst um 16,9 ma.kr. á milli ára. Tap var af áframhaldandi starfsemi Landsbankans að fjárhæð 3,3 ma.kr. á fyrri ársheilmingi, en 0,3 ma.kr. hagnaður hjá Íslandsbanka. Hagnaður bankanna þriggja af áframhaldandi starfsemi á öðrum ársfjórðungi 2020 nam aftur á móti 6,9 ma.kr., í samanburði 9,5 ma.kr. á öðrum ársfjórðungi 2019. Allir bankarnir skiluðu hagnaði af áframhaldandi starfsemi á fjórðungnum, en hann var lægstur hjá Landsbankanum, eða 0,3 ma.kr.

Staða útlána til viðskiptavina

Þann 30. júní sl. nam bókfært virði útlána kerfislega mikilvægu bankanna til viðskiptavina samtals 2.911,4 ma.kr., í samanburði við 2.813,8 ma.kr. þann 31. desember sl. Má rekja hækkunina það sem af

er árinu til aukningunar á lánum til einstaklinga, og þá sérstaklega íbúðalána, og hækkunar í íslenskum krónum á þeim lánum, sem veitt eru í erlendri mynt.⁴¹ Til mótvægis þessum hækkunum jókst einnig framlag bankanna í virðisrýrnunarsjóð, sem nam 55,1 ma.kr. þann 30. júní sl., í samanburði við 34,1 ma.kr. þann 31. desember sl.

Þann 30. júní sl. námu útlán til fyrirtækja í ferðaþjónustu samtals 250,2 ma.kr., í samanburði við 243,0 ma.kr. þann 31. desember sl. Námu þau 8,6% af útlánnum til viðskiptavina, bæði 30. júní sl. og 31. desember sl.

Af útlánnum til viðskiptavina, sem færð eru á afskrifuðu kostnaðarverði, lækkaði hlutfall útlána að brúttó fjárhæð á stigi 1 úr 89,6% þann 31. desember sl. í 82,0% þann 30. júní sl., eða um 7,5% stig. Að sama skapi hækkaði hlutfall útlána á stigi 2 um 7,1% stig og á stigi 3 um 0,5% stig á sama tímabili. Þann 30. júní sl. nam brúttó virði útlána á stigi 3 samtals 98,6 ma.kr., í samanburði við 81,5 ma.kr. þann 31. desember sl. Brúttó fjárhæð útlána á 3. stigi þann 30. júní sl. var hæst hjá Landsbankanum, eða 37,8 ma.kr., en næst hæst hjá Íslandsbanka, eða 34,3 ma.kr.⁴²

Samtals virðisrýrnunarþekja útlána hækkaði á tímabilinu, eða úr 1,2% þann 31. desember sl. í 1,9% þann 30. júní sl. Hækkaði hún mest hjá Landsbankanum, eða úr 1,3% þann 31. desember sl. í 2,2% þann 30. júní sl. Virðisrýrnunarþekja útlána á stigi 3 hjá bönkunum þremur nam 29,5% þann 30. júní sl., og hafði þá hækkað úr 28,6% frá 31. desember sl. Var virðisrýrnunarþekja útlána á stigi 3 þann 30. júní sl. hæst hjá Landsbankanum, eða 35,3%, en lægst hjá Íslandsbanka, eða 20,9%.

Staða eiginfjár og lausafjár

Áhættugrunnur kerfislega mikilvægu bankanna jókst um 2,6% á fyrstu sex mánuðum ársins 2020 og nam samtals 2.692,2 ma.kr. þann 30. júní sl. Á sama tímabili jókst samtals eiginfjárgrunnur þeirra um 5,3% og nam 668,3 ma.kr. þann 30. júní sl. Af þeim sökum hækkaði samtals eiginfjárlutfall þeirra um 0,6% stig, eða í 24,8% þann 30. júní sl.

Almennt eigið fé í þætti 1 hjá bönkunum þremur jókst á tímabilinu um 11,8 ma.kr. Má aðallega rekja aukninguna til frestunar á arðgreiðslum, sem dregnar höfðu verið frá eigin fé Arion banka í ársreikningi 2019. Hlutdeild hagnaðar bankanna á tímabilinu hafði lítil áhrif á hækkun almenns eigin fjár í þætti 1. Eiginfjárbáttur 1, þ.e. almennt eigið fé og viðbótar eigið fé í þætti 1, jókst um 26,5 ma.kr. á tímabilinu, bæði vegna fyrrgreindar aukningar í almennu eigin fé og vegna útgáfu Arion banka á víkjandi láni, sem tilheyrir viðbótar eigin fé í þætti 1. Hlutfall almenns eigin fjár í þætti 1 stóð því sem næst í stað, en hlutfall almenns eigin fjár hækkaði í 22,3% þann 30. júní sl. úr 21,8% þann 31. desember sl.

⁴¹ Þannig hækkaði gengisvísitala meðalgengis Seðlabanka (þröng viðskiptavog) um 12,4% frá 31. desember sl. til 30. júní sl.

⁴² Í riti Seðlabankans *Peningamál 2020/3* frá 26. ágúst sl. kemur fram að „[h]lutfall útlána fyrirtækja í vanskilum [hafi verið] nær tvöfalt hærra í júlí en á sama tíma í fyrra“. Samkvæmt skilgreiningu IFRS 9 reikningskilastaðalsins næði það til útlána á stigi 3. Tekur það því ekki til hluta þeirra útlána fyrirtækja, sem fengið hafa greiðslufrest vegna heimsfaraldurs kórónuveirunnar, og eru ekki skilgreind sem útlán í vanskilum.

Samtals eigið fé, eða eiginfjárgrunnur, hækkaði um 33,8 ma.kr. á tímabilinu. Má rekja hækkunina til hækkunar á almennu eigin fé og gengisbreytinga á víkjandi lánum, sem tilheyrja eiginfjárbætti 1, sem gefin hafa verið út í erlendri mynt. Þann 30. júní sl. nam því samtals eiginfjárlutfall bankanna þriggja 24,8%, í samanburði við 24,2% þann 31. desember sl.

Þann 30. júní sl. nam vegin eiginfjárfra FME til kerfislega mikilvægu bankanna 18,1% fyrir samtals eigið fé og 13,4% fyrir almennt eigið fé í þætti 1. Lækkaði eiginfjárfra um 1,7% stig frá 31. desember sl. vegna lækkunar á sveiflujöfnunarauka niður í 0%.⁴³ Þann 30. júní sl. var samtals eiginfjárlutfall bankanna þriggja 6,7% stigum hærra og hlutfall almenns eigin fjár í þætti 1 alls 8,3% stigum hærra en sem nam veginni lágmarks eiginfjárkröfu FME til þeirra.

Vogunarlutfall íslenskra banka er afar hátt í samanburði við banka í Evrópulöndum. Þann 30. júní sl. nam það 14,4%, í samanburði við 14,8% þann 31. desember sl. Skýrist lækkunin af þeirri staðreynd að heildaráhættuskuldbindingar hækkuðu meira á tímabilinu, eða um 7,4%, heldur en eiginfjárbáttur 1, sem hækkaði um 4,6%.

Lausafjárlutfall kerfislega mikilvægu bankanna þriggja hækkaði úr 166,0% þann 31. desember sl. í 191,1% þann 30. júní sl. Skýrist hækkunin af 31,4% aukningu í vigtuðum lausafjäreignum úr 445,9 ma.kr. í 586,0 ma.kr. Á sama tímabili jókst aftur á móti vigtað útlæði um 66,7 ma.kr. og vigtað innflæði um 28,7 ma.kr.⁴⁴

Áhrif heimsfaraldurs kórónuveirunnar

Áhrifa heimsfaraldurs kórónuveirunnar var víða að gæta í rekstrarreikningi bankanna þriggja fyrir fyrri árhelming 2020, efnahagsreikningi bankanna þann 30. júní sl. og skýringum í nýbirtum árshlutareikningum.

Í fyrsta lagi hefur faraldurinn haft veruleg áhrif á virðisrýnun útlána, eins og umfjöllunin hér á undan gefur til kynna. Til dæmis færði Landsbankinn 8,2 ma.kr. í virðisrýnnunarsjóð á öðrum fjórðungi og 13,4 ma.kr. á fyrri árhelmingi eftir ítarlegt mat á áhrifum heimsfaraldurs kórónuveirunnar á útlánasafnið. Þá lagði Íslandsbanki samtals 2,4 ma.kr. í virðisrýnnunarsjóð á öðrum fjórðungi og 5,9 ma.kr. á fyrri árhelmingi. Í árshlutareikningi Landsbankans kom t.d. fram að líkur á vanefndum útlána til viðskiptavina á næstu tólf mánuðum hefðu aukist úr 2,4% þann 31. desember sl. í 3,3% þann 30. júní sl. og að tjón við vanefnd hefði aukist úr 14,5% í 14,9% á sama tíma. Þannig jókst viðbúið tjón vegna vanefnda útlána til viðskiptavina hjá bankanum úr 0,35% í 0,49% á tímabilinu. Eins og fram kemur í

⁴³ Með ákvörðun FME þann 1. febrúar 2019, að fengnum tilmælum Fjármálastöðugleikaráðs þann 19. desember 2018, var sveiflujöfnunarauki hækkaður úr 1,75% í 2%, frá og með 1. febrúar 2020. Með yfirlýsingu Fjármálastöðugleikanefndar þann 18. mars sl. var kröfu um 2% sveiflujöfnunarauka aflétt og tók ákvörðun nefndarinnar gildi eftir birtingu í Stjórnartíðindum. Þar sem sveiflujöfnunarauki tekur einungis til innlendra áhættuskuldbindinga getur hann á samstæðugrunni verið annar en það hlutfall, sem einungis er lagt á innlendar áhættuskuldbindingar.

⁴⁴ Skv. reglum Seðlabanka Íslands nr. 266/2017, um lausafjárlutfall lánastofnana er áskilið að heildarlausafjárþekja fyrir samstæðuna sé að lágmarki 100% og að lausafjárþekja fyrir erlendar myntir sé að lágmarki 100%. Lausafjárþekja í íslenskum krónum er að lágmarki 30% frá 1. janúar 2020, 40% frá 1. janúar 2021 og 50% frá 1. janúar 2022.

töflu V6, nutu 1.883 viðskiptavinir Íslandsbanka og 1.756 viðskiptavinir Landsbankans einhvers konar greiðslufrests vegna úrræða í tengslum við heimsfaraldur kórónuveirunnar þann 30. júní sl. Nam samtals brúttó fjárhæð þessara útlána 319,3 ma.kr., eða 14,8% af samtals útlánum til viðskiptavina.

Í öðru lagi hafa ívilnanir, sem aðilar á fjármálamarkaði sammæltust um að ráðast í til að koma á mót við viðskiptavini sína, haft áhrif. Þann 22. mars sl. undirrituðu þeir samkomulag um tímabundna greiðslufresti á lánum fyrirtækja vegna heimsfaraldurs kórónuveirunnar.^{45, 46} Í samkomulaginu kom m.a. fram að fresta eigi öllum endurgreiðslum á „skuldum fyrirtækja við aðila [samkomulagsins], þar með talið vöxtum og afborgunum, í allt að sex mánuði“. Kemur einnig fram að „frestaðar greiðslur afborgana og vaxta skulu leggjast við höfuðstól og skal samningstíminn lengjast sem nemur fjölda frestaðra afborgana.“ Sérstakur viðauki við samkomulagið var undirritaður svo 2. júlí sl. Þannig koma fram í árshlutareikningum og viðauka við áhættuskýrslur Íslandsbanka og Landsbankann upplýsingar um fjölda viðskiptavina, sem leitað hafa eftir úrræðum, og undirliggjandi fjárhæð. Er að finna þessar upplýsingar í töflu V6.

Í þriðja lagi hefur faraldurinn aukið fjármagskostnað bankanna sjálfra, m.a. vegna lækkunar á lánshæfismati af hálfu S&P Global Ratings (“S&P”), en þann 24. apríl sl. tilkynnti lánshæfismatsfyrirtækið um lækkun á lánshæfiseinkunn almennra krafna (e. senior unsecured) allra bankanna þriggja úr BBB+ um eitt þrep niður í BBB. Aftur á móti breytti S&P horfum úr neikvæðum yfir í stöðugar.⁴⁷ Í skýrslu sinni sagði lánshæfismatsfyrirtækið að alþjóðlegur samdráttur í efnahagslífinu vegna heimsfaraldurs kórónuveirunnar myndi hafa áhrif á Ísland og bankakerfi landsins, þrátt fyrir umfangsmiklar aðgerðir af hálfu stjórnvalda til að milda áhrif hans, þar sem samdrátturinn myndi reyna á veikleika bannkerfisins eins og lága arðsemi. Til stuðnings ákvörðuninni nefndi S&P einnig sterka eiginfjárstöðu bankanna.

Í fjórða lagi hefur faraldurinn haft áhrif á hagspár bankanna, sem þeir hafa uppfært. Að meðaltali gera þær ráð fyrir 9,0% samdrætti í vergri landsframleiðsu á þessu ári. Verði hagspár þeirra uppfærðar með meiri samdrætti, eða minni hagvexti í framtíðinni en núverandi hagspár gera ráð fyrir, getur virðisrýrnun útlána aukist enn frekar.

Í fimmta lagi hafði faraldurinn áhrif á daglega starfsemi, eins og opnun útibúa. Segja má þó að bankar hafi náð að halda uppi því sem næst fullu þjónustustigi gagnvart viðskiptavinum á tímabilinu.

⁴⁵ Sjá https://www.sff.is/sites/default/files/samkomulag_um_frestanir_vegna_heimsfaraldurs_0.pdf.

⁴⁶ Aðilar samkomulagsins voru allir innlánsstofnarnir landsins (viðskiptabankar og sparisjóðir), Lykill fjármögnun hf. og Landsamband lífeyrissjóða.

⁴⁷ Sjá S&P Global Ratings. *Three Icelandic Banks Downgraded On Weaker Business Prospects And Effect Of COVID-19; Outlooks Stable*. 24 April 2020

Tafla V1: Afkoma kerfislega mikilvægu bankanna á fyrri árshelming 2020 og 2019 (fjárhæðir í ma.kr.)⁴⁸

	Arion banki		Íslandsbanki		Landsbankinn		Samtals	
	<u>1H 2020</u>	<u>1H 2019</u>	<u>1H 2020</u>	<u>1H 2019</u>	<u>1H 2020</u>	<u>1H 2019</u>	<u>1H 2020</u>	<u>1H 2019</u>
Vaxtatekjur	25,9	31,1	28,6	32,1	34,6	38,5	89,1	101,7
Vaxtagjöld	<u>(10,8)</u>	<u>(15,9)</u>	<u>(11,8)</u>	<u>(15,8)</u>	<u>(15,7)</u>	<u>(18,0)</u>	<u>(38,3)</u>	<u>(49,7)</u>
Hreinar vaxtatekjur	15,1	15,2	16,8	16,3	18,9	20,5	50,9	52,0
Þjónustutekjur	6,6	5,5	5,4	5,9	5,2	5,8	17,1	17,1
Þjónustugjöld	<u>(0,8)</u>	<u>(0,8)</u>	<u>(0,6)</u>	<u>(0,5)</u>	<u>(1,6)</u>	<u>(1,6)</u>	<u>(3,0)</u>	<u>(2,9)</u>
Hreinar þjónustutekjur	5,8	4,7	4,8	5,4	3,6	4,1	14,2	14,2
Aðrar rekstrartekjur	<u>2,2</u>	<u>4,0</u>	<u>(1,6)</u>	<u>1,7</u>	<u>0,2</u>	<u>5,7</u>	<u>0,8</u>	<u>11,3</u>
Samtals rekstrartekjur	23,0	23,9	20,0	23,4	22,7	30,3	65,8	77,6
Laun og tengd gjöld	(6,7)	(7,4)	(6,7)	(7,2)	(7,6)	(7,4)	(21,0)	(22,0)
Annar stjórnunarkostnaður	(5,5)	(5,7)	(4,9)	(5,3)	(4,1)	(4,2)	(14,5)	(15,2)
Gjöld í TIF	(0,4)	(0,4)	(0,5)	(0,5)	(0,6)	(0,6)	(1,4)	(1,5)
Bankaskattur	<u>(0,7)</u>	<u>(1,8)</u>	<u>(0,8)</u>	<u>(1,8)</u>	<u>(0,9)</u>	<u>(2,1)</u>	<u>(2,3)</u>	<u>(5,7)</u>
Samtals rekstrargjöld	(13,3)	(15,3)	(12,8)	(14,8)	(13,2)	(14,3)	(39,2)	(44,4)
Virðisbreyting útlána til viðskiptavina	(3,7)	(2,1)	(5,9)	(1,8)	(13,4)	(2,4)	(23,1)	(6,3)
Virðisbreyting annarra fjáreigna	<u>(0,1)</u>	<u>0,0</u>	-	-	<u>0,0</u>	<u>0,0</u>	<u>(0,1)</u>	<u>0,0</u>
Samtals virðisbreyting	(3,8)	(2,1)	(5,9)	(1,8)	(13,4)	(2,4)	(23,1)	(6,3)
Hagnaður fyrir tekjuskatt	6,0	6,6	1,3	6,8	(3,9)	13,6	3,4	27,0
Tekjuskattur	<u>(2,3)</u>	<u>(1,5)</u>	<u>(0,9)</u>	<u>(1,9)</u>	<u>0,6</u>	<u>(2,5)</u>	<u>(2,6)</u>	<u>(5,9)</u>
Hagnaður af áframhaldandi starfsemi	3,7	5,0	0,4	4,9	(3,3)	11,1	0,8	21,1
Hagnaðar af aflagðri starfsemi	<u>(0,9)</u>	<u>(1,9)</u>	<u>(0,6)</u>	<u>(0,2)</u>	-	-	<u>(1,5)</u>	<u>(2,1)</u>
Hagnaður tímabilsins	2,7	3,1	(0,1)	4,7	(3,3)	11,1	(0,7)	18,9
<i>Par af hlutdeild hluthafa bankans</i>	2,8	3,1	0,2	4,9	(3,3)	11,1	(22,4)	34,2

⁴⁸ Heimild: Árslutareikningar bankanna fyrir fyrstu sex mánuði ársins 2020.

Tafla V2: Afkoma kerfislega mikilvægu bankanna á öðrum ársfjórðungi 2020 og 2019 (fjárhæðir í ma.kr.)⁴⁹

	Arion banki		Íslandsbanki		Landsbankinn		Samtals	
	<u>2F 2020</u>	<u>2F 2019</u>	<u>2F 2020</u>	<u>2F 2019</u>	<u>2F 2020</u>	<u>2F 2019</u>	<u>2F 2020</u>	<u>2F 2019</u>
Vaxtatekjur	13,8	16,5	15,0	17,1	18,2	20,6	47,0	54,1
Vaxtagjöld	<u>(6,0)</u>	<u>(8,7)</u>	<u>(6,7)</u>	<u>(8,7)</u>	<u>(8,7)</u>	<u>(10,3)</u>	<u>(21,4)</u>	<u>(27,7)</u>
Hreinar vaxtatekjur	7,9	7,8	8,2	8,4	9,5	10,2	25,6	26,4
Þjónustutekjur	3,1	2,8	2,6	3,0	2,4	2,9	8,1	8,7
Þjónustugjöld	<u>(0,4)</u>	<u>(0,4)</u>	<u>(0,3)</u>	<u>(0,2)</u>	<u>(0,7)</u>	<u>(0,8)</u>	<u>(1,5)</u>	<u>(1,4)</u>
Hreinar þjónustutekjur	2,7	2,5	2,3	2,8	1,7	2,1	6,6	7,3
Aðrar rekstrartekjur	<u>3,5</u>	<u>1,9</u>	<u>0,1</u>	<u>0,2</u>	<u>2,9</u>	<u>2,0</u>	<u>6,5</u>	<u>4,1</u>
Samtals rekstrartekjur	14,1	12,2	10,6	11,4	14,1	14,2	38,8	37,8
Laun og tengd gjöld	(3,6)	(3,8)	(3,4)	(3,7)	(3,8)	(3,7)	(10,8)	(11,2)
Annar stjórnunarkostnaður	(2,6)	(2,7)	(2,4)	(2,5)	(1,9)	(2,1)	(7,0)	(7,3)
Gjöld í TIF	(0,2)	(0,2)	(0,2)	(0,2)	(0,3)	(0,2)	(0,7)	(0,6)
Bankaskattur	<u>(0,3)</u>	<u>(0,9)</u>	<u>(0,4)</u>	<u>(0,9)</u>	<u>(0,4)</u>	<u>(1,1)</u>	<u>(1,1)</u>	<u>(2,9)</u>
Samtals rekstrargjöld	(6,7)	(7,5)	(6,5)	(7,4)	(6,4)	(7,1)	(19,7)	(22,0)
Virðisbreyting útlána til viðskiptavina	(0,9)	(1,0)	(2,4)	(0,9)	(8,2)	(1,4)	(11,5)	(3,3)
Virðisbreyting annarra fjáreigna	<u>(0,1)</u>	<u>0,0</u>	-	-	<u>0,0</u>	-	<u>(0,1)</u>	<u>0,0</u>
Samtals virðisbreyting	(0,9)	(1,0)	(2,4)	(0,9)	(8,2)	(1,4)	(11,5)	(3,3)
Hagnaður fyrir tekjuskatt	6,4	3,7	1,7	3,1	(0,6)	5,8	7,5	12,6
Tekjuskattur	<u>(1,5)</u>	<u>(0,9)</u>	<u>(0,1)</u>	<u>(0,7)</u>	<u>0,9</u>	<u>(1,4)</u>	<u>(0,7)</u>	<u>(3,1)</u>
Hagnaður af áframhaldandi starfsemi	5,0	2,8	1,6	2,4	0,3	4,3	6,9	9,5
Hagnaðar af aflagðri starfsemi	<u>(0,0)</u>	<u>(0,7)</u>	<u>(0,3)</u>	<u>(0,3)</u>	-	-	<u>(0,4)</u>	<u>(1,0)</u>
Hagnaður tímabilsins	4,9	2,1	1,2	2,1	0,3	4,3	6,5	8,5
<i>Par af hlutdeild hluthafa bankans</i>	4,9	2,1	1,4	2,3	0,3	4,3	0,9	15,0

⁴⁹ Heimild: Árs hlutareikningar bankanna fyrir fyrri helming ársins 2020.

Tafla V3: Útlán til viðskiptavina 30. júní og 31. desember sl. (fjárhæðir í ma.kr.)⁵⁰

	Arion banki		Íslandsbanki		Landsbankinn		Samtals	
	30.6.2020	31.12.2019	30.6.2020	31.12.2019	30.6.2020	31.12.2019	30.6.2020	31.12.2019
Fjárhæð								
Bókfært brúttó virði	633,2	672,6	787,0	858,8	1.002,8	1.005,9	2.423,0	2.537,3
Virðisrýrnunarsjóður	<u>(2,1)</u>	<u>(1,0)</u>	<u>(3,3)</u>	<u>(3,6)</u>	<u>(5,5)</u>	<u>(2,4)</u>	<u>(10,9)</u>	<u>(7,0)</u>
Útlán á stigi 1	631,1	671,6	783,7	855,2	997,3	1.003,5	2.412,1	2.530,3
Bókfært brúttó virði	132,1	89,6	127,4	23,8	172,6	100,5	432,2	213,9
Virðisrýrnunarsjóður	<u>(2,3)</u>	<u>(0,9)</u>	<u>(4,4)</u>	<u>(1,0)</u>	<u>(8,5)</u>	<u>(2,0)</u>	<u>(15,1)</u>	<u>(3,9)</u>
Útlán á stigi 2	129,8	88,7	123,0	22,8	164,2	98,5	417,0	210,0
Bókfært brúttó virði	26,6	20,2	34,3	27,3	37,8	34,0	98,6	81,5
Virðisrýrnunarsjóður	<u>(8,1)</u>	<u>(7,1)</u>	<u>(7,7)</u>	<u>(5,7)</u>	<u>(13,3)</u>	<u>(10,5)</u>	<u>(29,1)</u>	<u>(23,3)</u>
Útlán á stigi 3	<u>18,5</u>	<u>13,1</u>	<u>26,6</u>	<u>21,6</u>	<u>24,4</u>	<u>23,5</u>	<u>69,5</u>	<u>58,2</u>
Útlán á afskrifuðu kostnaðarverði	779,4	773,4	933,3	899,6	1.185,9	1.125,5	2.898,6	2.798,6
Útlán á gangvirði	<u>0,5</u>	<u>0,5</u>	<u>-</u>	<u>-</u>	<u>12,3</u>	<u>14,7</u>	<u>12,8</u>	<u>15,2</u>
Samtals	779,9	774,0	933,3	899,6	1.198,2	1.140,2	2.911,4	2.813,8
<i>þar af útlán til fyrirtækja í ferðaþjónustu</i>	65,0	57,0	93,3	90,0	91,9	96,0	250,2	243,0
Hlutfall á brúttó virði								
Útlán á stigi 1	80,0%	86,0%	83,0%	94,4%	82,7%	88,2%	82,0%	89,6%
Útlán á stigi 2	16,7%	11,5%	13,4%	2,6%	14,2%	8,8%	14,6%	7,6%
Útlán á stigi 3	<u>3,4%</u>	<u>2,6%</u>	<u>3,6%</u>	<u>3,0%</u>	<u>3,1%</u>	<u>3,0%</u>	<u>3,3%</u>	<u>2,9%</u>
Samtals	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%
Virðisrýrnunarþekja								
Útlán á stigi 1	0,3%	0,1%	0,4%	0,4%	0,5%	0,2%	0,5%	0,3%
Útlán á stigi 2	1,7%	1,0%	3,4%	4,0%	4,9%	2,0%	3,5%	1,8%
Útlán á stigi 3	<u>30,4%</u>	<u>35,1%</u>	<u>22,4%</u>	<u>20,9%</u>	<u>35,3%</u>	<u>30,9%</u>	<u>29,5%</u>	<u>28,6%</u>
Samtals	1,6%	1,1%	1,6%	1,1%	2,2%	1,3%	1,9%	1,2%

⁵⁰ Heimild: Árs- og árshlutareikningar bankanna, Bankasýsla ríkisins.

Tafla V4: Áhættugrunnur, eigið fé og laust fé 30. júní og 31. desember sl. (fjárhæðir í ma.kr.)⁵¹

	Arion banki		Íslandsbanki		Landsbankinn		Samtals	
	30.6.2020	31.12.2019	30.6.2020	31.12.2019	30.6.2020	31.12.2019	30.6.2020	31.12.2019
Eiginfjárlutfall								
Áhættugrunnur	716,4	719,8	923,1	884,6	1.052,7	1.020,4	2.692,2	2.624,7
Almennt eigið fé í þætti 1	164,4	152,7	179,4	175,6	240,5	244,1	584,2	572,4
Viðbótar eigið fé í þætti 1	<u>14,9</u>	<u>0,2</u>	-	-	-	-	<u>14,9</u>	<u>0,2</u>
Eiginfjárbáttur 1	179,3	152,9	179,4	175,6	240,5	244,1	599,1	572,6
Eiginfjárbáttur 2	<u>21,8</u>	<u>20,1</u>	<u>25,8</u>	<u>22,7</u>	<u>21,5</u>	<u>19,1</u>	<u>69,2</u>	<u>61,8</u>
Eiginfjárgrunnur	201,1	173,0	205,2	198,3	262,0	263,2	668,3	634,4
Hlutfall almenns eigin fjár í þætti 1	22,9%	21,2%	19,4%	19,9%	22,8%	23,9%	21,7%	21,8%
Samtals eiginfjárlutfall	28,1%	24,0%	22,2%	22,4%	24,9%	25,8%	24,8%	24,2%
Lágmarks eiginfjárkrafa								
Almennt eigið fé í þætti 1	13,5%	15,2%	12,8%	14,5%	13,8%	15,5%	13,4%	15,1%
Samtals eigið fé	18,4%	20,1%	17,1%	18,8%	18,8%	20,5%	18,1%	19,8%
Vogunarlutfall								
Heildaráhættuskuldbindingar	1.205,9	1.085,6	1.340,3	1.237,4	1.613,6	1.550,2	4.159,7	3.873,1
Eiginfjárbáttur 1	<u>179,3</u>	<u>152,9</u>	<u>179,4</u>	<u>175,6</u>	<u>240,5</u>	<u>244,1</u>	<u>599,1</u>	<u>572,6</u>
Vogunarlutfall	14,9%	14,1%	13,4%	14,2%	14,9%	15,7%	14,4%	14,8%
Lausafjárlutfall								
Vigtaðar lausafjáreignir	202,9	137,2	210,5	163,4	172,6	145,3	586,0	445,9
Vigtað útlæði	(161,1)	(131,0)	(203,0)	(171,7)	(159,8)	(154,5)	(523,9)	(457,2)
Vigtað innflæði	<u>62,7</u>	<u>58,1</u>	<u>85,3</u>	<u>66,5</u>	<u>69,3</u>	<u>64,0</u>	<u>217,3</u>	<u>188,6</u>
Lausafjárlutfall	206,3%	188,3%	178,8%	155,3%	190,6%	160,5%	191,1%	166,0%

⁵¹ Heimild: Árs- og árshlutareikningar bankanna, Bankasýsla ríkisins.

Tafla V5: Skilvirkni og arðsemi rekstrar á fyrri árshelming og öðrum ársfjórðungi 2020 og 2019 ⁵²

	Arion banki		Íslandsbanki		Landsbankinn		Samtals	
	Árið 2020	Árið 2019	Árið 2020	Árið 2019	Árið 2020	Árið 2019	Árið 2020	Árið 2019
Á fyrri árshelming								
Vaxtamunur	2,7%	2,5%	2,7%	2,8%	2,6%	3,0%	2,6%	2,8%
Kostnaðarhlutfall á eignagrunni	2,2%	2,2%	1,9%	2,2%	1,7%	1,8%	1,9%	2,1%
Kostnaðarhlutfall á rekstrargrunni	60,4%	67,6%	55,7%	59,5%	54,5%	49,7%	56,8%	58,3%
Áætlaður fjöldi stöðugilda	800	903	982	1.064	893	917	2.675	2.884
Arðsemi eigin fjár hluthafa	2,9%	3,2%	0,2%	5,7%	-2,7%	9,2%	-7,3%	11,2%
Arðsemi samtals eigin fjár	2,9%	3,2%	-0,1%	5,4%	-2,7%	9,2%	-0,2%	6,2%
Áhættulausir vextir á tímabilinu	1,8%	4,1%	1,8%	4,1%	1,8%	4,1%	1,8%	4,1%
Á öðrum ársfjórðungi								
Vaxtamunur	2,7%	2,5%	2,6%	2,8%	2,5%	2,9%	2,6%	2,8%
Kostnaðarhlutfall á eignagrunni	2,2%	2,2%	1,9%	2,1%	1,6%	1,7%	1,9%	2,0%
Kostnaðarhlutfall á rekstrargrunni	60,6%	64,3%	58,1%	57,5%	53,8%	49,1%	57,4%	56,5%
Áætlaður fjöldi stöðugilda	792	897	980	1.066	891	921	2.663	2.884
Arðsemi eigin fjár hluthafa	10,6%	4,3%	3,2%	5,3%	0,6%	7,1%	0,6%	9,8%
Arðsemi samtals eigin fjár	10,5%	4,3%	2,8%	4,9%	0,6%	7,1%	4,3%	5,6%
Áhættulausir vextir á tímabilinu	2,4%	4,3%	2,4%	4,3%	2,4%	4,3%	2,4%	4,3%

⁵² Heimild: Árs hlutareikningar og fjárhagsbækur bankanna, Bankasýsla ríkisins.

Tafla V6: Upplýsingar um útlán til viðskiptavina með greiðslufrest vegna úrræða tengdum heimsfaraldri kórónuveirunnar þann 30. júní sl. (fjárhæðir í ma.kr.)⁵³

	Lok greiðslufrests						Alls með greiðslufrest	Önnur útlán	Samtals útlán
	<i>Útrunninn</i>	<i>3 mánuðir</i>	<i>3-6 mánuðir</i>	<i>6 til 9 mánuðir</i>	<i>9 til 12 mánuðir</i>	<i>Meira en 1 ár</i>			
Íslandsbanki									
Fjöldi viðskiptavina							1.883		
Brúttó fjárhæð útlána							186,5		
Einstaklingar	-	17,5	9,6	0,4	-	-	27,5	330,3	357,9
Atvinnufyrirtæki	<u>0,0</u>	<u>117,9</u>	<u>33,8</u>	<u>4,1</u>	<u>1,7</u>	<u>1,5</u>	<u>159,0</u>	<u>431,8</u>	<u>590,8</u>
Samtals brúttó fjárhæð	0,0	135,4	43,5	4,4	1,7	1,5	186,5	762,2	948,7
Landsbankinn									
Fjöldi viðskiptavina							1.756		
Brúttó fjárhæð útlána							132,8		
Einstaklingar	1,6	0,7	33,5	0,5	-	-	36,4	470,2	506,6
Atvinnufyrirtæki	<u>28,0</u>	<u>10,8</u>	<u>56,5</u>	<u>0,0</u>	<u>0,3</u>	<u>0,8</u>	<u>96,4</u>	<u>610,2</u>	<u>706,7</u>
Samtals brúttó fjárhæð	29,7	11,5	90,0	0,5	0,3	0,8	132,8	1.080,4	1.213,2

⁵³ Heimild: Áhættuskýrslur Íslandsbanka og Landsbankann fyrir annan ársfjórðung 2020 (tölulegur viðauki).